



# ÁRSSKÝRSLA 2012












SJÓVÁ

# EFNISYFIRLIT


Um Sjóvá . . . . . 6

Frá stjórnarformanni . . . . . 10

Frá forstjóra . . . . . 12

Sjóvá kemur víða við . . . . . 14

Af rekstri ársins . . . . . 20

Útibú og umboð . . . . . 22

Mannauður og menning . . . . . 26

Skipulags- og rekstrarmál . . . . . 27

Starfsdagur . . . . . 28

Stjórnarháttayfirlýsing . . . . . 30

Lykiltölur úr rekstri . . . . . 40

Ársreikningur samstæðunnar . . . . . 41






# „Ég get mælt með Sjóvá"

Stofn er vildarþjónusta Sjóvár. Í Stofni eru tæplega 29 þúsund fjölskyldur og hefur þeim fjölgað jafnt og þétt frá árinu 2009. Viðskiptavinum í Stofni bjóðast fjölmargir virðisaukandi þjónustuþættir sem aðgreina Sjóvá frá samkeppnisaðilunum. Endurgjaldslaus vegaaðstoð, tilboð á barnabílstólum og afsláttur af vetrardekkjum eru meðal þess sem er í boði og aldrei hafa fleiri viðskiptavinir nýtt sér tilboðin en árið 2012.

Stofnendurgreiðslan er eitt stærsta verkefni ársins hjá Sjóvá og árið 2012 voru endurgreiddar tæpar 400 milljónir króna til um 20 þúsund fjölskyldna.

## Framúrskarandi þjónusta

„ ... mig vantaði ákveðnar upplýsingar um innheimtuferlið ykkar og hver kostnaðurinn væri á því að dreifa greiðslum. Allt var þetta skoðað og fékk ég greinagóð svör. Hafði hún síðan samband við mig símleiðis og með smáskilaboðum sama dag til þess að tryggja að ég hefði allar nauðsynlegar upplýsingar til að taka raunhæfa ákvörðun. Starfsmaðurinn gekk því mun lengra en maður á að venjast hvað varðar þjónustu við viðskiptavini."

Ánægður viðskiptavinur um framlínuþjónustu

## Aldrei neitt mál

„Ég get mælt með Sjóvá því þar er góð þjónusta og aldrei verið mál ef ég hef lent í tjóni sem er blessunarlega sjaldan, svo fær maður endurgreitt í febrúar ár hvert hluta af tryggingum sem maður er með hjá Sjóvá ef maður lendir ekki í tjóni. Ég get mælt með Sjóvá því þeir hafa komið vel fram við mig."

Ánægður viðskiptavinur í þjónustukönnun

## Vegaaðstoðin veitir öryggi

„Ég sagði henni strax að hún ætti ekkert að vera að velta þessu fyrir sér. Hún væri langöruggust hjá Sjóvá, fengi góðan glaðning frá þeim í febrúar þegar Stofnávísunin berst og svo fannst mér svo mikið öryggi að vita að hún gæti alltaf hringt í Vegaaðstoðina og fengið aðstoð ef hún væri bensínlaus eða rafmagnslaus einhvers staðar í vondu veðri ..."

Ánægður viðskiptavinur í Stofni



# UM SJÓVÁ

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) varð til árið 1989 við samruna tveggja vátryggingafélaga, Sjóvátryggingafélags Íslands hf., stofnað 1918, og Almennra trygginga hf., stofnað 1943. 20. júní 2009 var nýtt félag stofnað um vátryggingastofninn.

Sjóvá er alhliða vátryggingafélag með um 27% markaðshlutdeild í skaðatryggingum. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá-Líf), dótturfélag Sjóvár, er stærst íslenskra félaga á líf- og heilsutryggingamarkaðnum með um 35% markaðshlutdeild.

Hjá Sjóvá eru rúmlega 60 þúsund einstaklingar í viðskiptum og yfir 7 þúsund fyrirtæki. Í vildarþjónustu Sjóvár, Stofni, eru tæplega 29 þúsund fjölskyldur.

Í árslok 2012 störfuðu 196 manns hjá Sjóvá í 183 stöðugildum og er fyrirtækið með starfsemi á 37 stöðum um allt land.

## HAGNAÐUR ÁRSINS EFTIR SKATTA

Hagnaður ársins nam 2.057 m.kr. eftir skatta, en bæði vátryggingarekstur og fjárfestingarstarfsemi skiluðu jákvæðri afkomu. Hagnaður fyrir skatta og afskriftir óefnislegra eigna nam 3.006 m.kr.




## IÐGJÖLD ÁRSINS

Iðgjöld ársins námu 12.734 m.kr. samanborið við 12.100 m.kr. árið 2011, sem er 5,2% hækkun frá fyrra ári.

Eigin iðgjöld ársins hækkuðu um 4,4% og voru 11.540 m.kr. en árið 2011 voru þau 11.053 milljónir króna.

**Iðgjöld ársins** er heildarfjárhæð þeirra iðgjalda sem talin eru til tekna á árinu. Iðgjöld ársins eru mynduð af bókfærðum iðgjöldum að viðbættri breytingu á iðgjaldaskuld.

**Eigin iðgjöld** eru iðgjöld ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda.




## TJÓN ÁRSINS

Tjón ársins námu 8.179 m.kr. samanborið við 8.163 m.kr. árið 2011, sem er 0,2% hækkun. Í niðursveiflu efnahagslífsins síðustu ár hefur tjónatíðni verið á svipuðu róli og tjónatíðni áranna 2003–2006. Tjónahlutfall ársins 2012 var 64,2% samanborið við 67,5% árið áður, en hvort tveggja er framúrskarandi árangur.

Eigin tjón ársins lækkuðu um 1,8% og voru 7.904 m.kr. samanborið við 8.049 m.kr. árið 2011.

**Tjón ársins** er heildarfjárhæð þeirra tjóna sem talin eru til gjalda. Tjón ársins eru mynduð af bókfærðum tjónum að viðbættri breytingu á tjónaskuld.

**Eigin tjón** eru tjón ársins að frádregnum hluta endurtryggjenda.

## ENDURTRYGGINGAR

Nettó endurtryggingar, þ.e. keyptar endurtryggingar að frádregnum hluta endurtryggjenda í tjónum og þóknun til félagsins, námu 772 m.kr. samanborið við 804 m.kr. árið 2011.

## REKSTRARKOSTNAÐUR

Rekstrarkostnaður ársins var 3.354 m.kr. samanborið við 3.123 m.kr. árið 2011 sem er 7,4% hækkun á milli ára. Stærsti einstaki liðurinn er laun og launatengd gjöld sem eru um 56% af öllum rekstrarkostnaði. Ráðist var í stórt verkefni í upplýsingatækni sem vegur þungt í hækkun rekstrarkostnaðar milli ára.

## SAMSETT HLUTFALL

Samsett hlutfall samstæðunnar var 94,5% samanborið við 96,6% árið 2011. Markvisst er unnið að lækkun samsetta hlutfallsins. Lækkunin er að mestu leyti komin til vegna lækkaðs tjónahlutfalls á milli ára.




**Samsett hlutfall** er algengur mælikvarði á rekstur vátryggingafélaga. Hlutfall undir 100% gefur til kynna að iðgjöld nægi fyrir kostnaði vegna tjóna, reksturs og endurtrygginga.

## FJÁRFESTINGAR

Sjóvá setti sér nýja fjárfestingarstefnu á árinu en félaginu ber að endurskoða stefnuna einu sinni á ári.
Í nýju skipulagi var ákvörðunarferli fjárfestinga formfest. Fjárfestingarheimildum er skipt eftir fjárhæðarmörkum í þrjú lög: **fjárfestingarnefnd** sem í sitja forstjóri, framkvæmdastjóri fjármálasviðs og forstöðumaður fjárfestinga, **fjárfestingaráð** sem í sitja þrír stjórnarmenn og **stjórn**.

Fjárfestingarstefna félagsins er tvískipt. Annars vegar eignir til jöfnunar á vátryggingaskuld og hins vegar aðrar fjárfestingar. Eignasamsetning félagsins er mjög traust og á það ríkistryggð skuldabréf og innstæður að fullu á móti eigin vátryggingaskuld.






## EIGIÐ FÉ

Eigið fé félagsins nam 14.991 m.kr. í lok árs 2012 samanborið við 12.934 m.kr. árið áður.




Eiginfjárhlutfall Sjóvár í lok árs 2012 var 37,2% og arðsemi eigin fjár 15,9%.

## GJALDÞOL

Gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,78 í árslok samanborið við 3,57 árið 2011. Aðlagað gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 3,62 á móti 2,73 árið 2011. Gjaldþolið hefur styrkst jafnt og þétt undanfarin ár og endurspeglar vel styrk félagsins.




Árleg afskrift óefnislegra eigna nam 361 m.kr. Afskriftir óefnislegra eigna hafa ekki áhrif á gjaldþol félagsins eða sjóðstreymi.

**Gjaldþol** vátryggingafélags eru heildareignir þess að frádregnum nauðsynlegum afskriftum og niðurfærslum, óefnislegum eignum, svo og hvers konar fyrirsjáanlegum skuldum og skuldbindingum, þar með talin vátryggingaskuld. Gjaldþolshlutfall er hlutfallið milli gjaldþols og lágmarksgjaldþols.

## AFKOMA VÁTRYGGINGAGREINA

Skaða- og líftryggingar félagsins flokkast í 7 greinar. Afkoma greinanna er misjöfn líkt og undanfarin ár. Markvisst er unnið að því að endurmeta verðlagningu á áhættum einstakra vátryggingategunda til að ná viðunandi afkomu í öllum greinum.








# FRÁ STJÓRNARFORMANNI

Árangur af rekstri Sjóvár var með ágætum árið 2012 og sýnir uppgjör ársins að félagið er á réttri leið. Starfsfólk Sjóvár setur viðskiptavini í öndvegi og er skýr ábyrgð í stjórnun og skipulagi til þess fallin að starfsfólk geti veitt viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu. Starfsfólk Sjóvár vinnur saman sem ein heild að því að standa undir væntingum á sem faglegastan hátt.

Staða Sjóvár hefur styrkst með markvissri uppbyggingu. Gagngerar endurbætur á húsnæðinu í Kringlunni hafa breytt starfsaðstöðunni í höfuðstöðvunum til betri vegar og er ásýnd fyrirtækisins fyrir þá sem í húsið koma gjörbreytt. Nýjustu mælingar sem gerðar hafa verið á ánægju viðskiptavina og starfsfólks sýna vaxandi styrk Sjóvár og gefa afar jákvæðar vísbendingar um að aðgerðir sem ráðist hefur verið í séu að skila þeim árangri sem stefnt var að. Þær gefa sömuleiðis merki um framfarir hjá Sjóvá og væntingar um að framtíðin sé björt.

Á árinu voru endurskoðaðar starfsreglur stjórnar og settar nýjar reglur um innri endurskoðun og innra eftirlit. Sömuleiðis setti stjórn reglur um fjárfestingarstarfsemi, sem skýrir ábyrgð á fjárfestingum og ferli ákvarðanatöku sem tengist þeim. Samhliða þeirri vinnu var sett upp metnaðarfull fjárfestingarstefna sem miðar að því að fjárfestingar fyrirtækisins séu markvissar og ákvarðanataka öguð, gagnsæ og fagleg. Í lok ársins voru svo samþykktar siðareglur fyrir Sjóvá.

> Nýjustu mælingar sem gerðar hafa verið á ánægju viðskiptavina og starfsfólks sýna vaxandi styrk Sjóvár og gefa afar jákvæðar vísbendingar.

Unnið er að undirbúningi innleiðingar Solvency II samkvæmt tilskipun Evrópusambandsins. Tilskipunin er enn í smíðum og er almennt ekki gert ráð fyrir að hún taki gildi fyrr en árið 2016. Stjórn fylgist vel með þróun mála er hana varðar. Reglur um gjaldþol eru enn í mótun en tilskipunin gerir mun meiri kröfur en gildandi tilskipun. Mat á eigin fé og vátryggingaskuld mun breytast verulega frá því sem nú er og taka betur mið af efnahagslegri áhættu. Vinna við endurskoðun áhættustýringar hjá félaginu er sífellt í gangi og hefur nýlega verið lokið við gerð áhættustefnu sem tekur mið af leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins.

Á vettvangi samtaka fjármálafyrirtækja hefur Sjóvá áréttað nauðsyn þess að eftirlitsaðilar taki tillit til séríslenskra aðstæðna við innleiðingu regluverks um vátryggingafélög. Regluverkið og eftirlitið tekur mið af stórum fyrirtækjum á fjölþjóðlegum mörkuðum, en mikilvægt er að hafa í huga að íslensk tryggingafélög eru öll lítil á alþjóðlegan mælikvarða. Kostnaður af eftirliti og regluverki þarf að vera í réttu hlutfalli við stærð félaganna. Ef kostnaður sá er fyrirtæki á íslenskum vátryggingamarkaði bera af regluverki er hlutfallslega hærri en kostnaður stærri fyrirtækja munu íslensk heimili óhjákvæmilega þurfa að greiða þann kostnað í hærri iðgjöldum en hægt er að bjóða annars staðar.

Vátryggingaviðskipti byggja á trausti og óeðlilegur verðmunur sömu þjónustu milli landa skapar tortryggni. Sjóvá hefur lagt metnað sinn í að bjóða vátryggingaþjónustu á sanngjörnu verði. Sanngirni í verðlagningu endurspeglar hagkvæmni í rekstri fyrirtækisins og rétta verðlagningu á áhættu viðskiptavinarins. Í Stofni, vildarþjónustu Sjóvár, eru tæplega 29 þúsund fjölskyldur. Ábyrgð félagsins er því mikil að standa undir væntingum þeirra og mun Sjóvá beita sér fyrir því að viðskiptavinir greiði ekki hærra hlutfall iðgjalda sinna í eftirlitskostnað en eðlilegt má teljast og er sambærilegt við slík gjöld erlendis. Markmið Sjóvár er að auka virði þjónustunnar sem veitt er um leið og viðskiptavinir upplifa framúrskarandi þjónustu. Viðskiptavinum í Stofni hefur fjölgað ár frá ári frá árinu 2009 og er mikið ánægjuefni að sjá hversu margir viðskiptavinir sjá sér hag í að halda tryggð við Sjóvá. Fyrir það viljum við þakka.

Á árinu 2012 var lagður á nýr skattur, fjársýsluskattur, sem lagður er á laun og reiknast af sama stofni og tryggingagjald. Fjársýsluskattur var 5,45% árið 2012 og var kostnaður félagsins af honum tæpar 87 m.kr. á árinu. Við fjárlagagerð fyrir árið 2013 var skattprósentan hækkuð í 6,75% sem hækkar skattinn um 20% milli ára og verður vel yfir 100 m.kr. miðað við sömu forsendur. Lítill sem enginn aðdragandi var að hækkuninni og það gefur auga leið að við þessu þarf að bregðast í rekstri. Eftirlitskostnaður hefur einnig hækkað mikið og fer enn vaxandi. Vara verður við því að þyngja rekstur vátryggingafélaganna með álögum sem munu verða greidd af vátryggingatökum. Slíkt eykur á ógagnsæi og hækkar verð.

Rannsókn ESA á lögmæti ríkisaðstoðar, sem hófst árið 2009, stendur enn yfir. Ekki gengu eftir væntingar um að rannsókn ESA myndi ljúka á árinu 2012. Nú er liðið á fjórða ár frá því að félagið var stofnað og um 3 ár frá því rannsókn ESA hófst formlega. Starfsmenn Sjóvár hafa á þessum tíma veitt íslenskum stjórnvöldum og ESA allar þær upplýsingar sem óskað hefur verið eftir. Félaginu er ekki kunnugt um hvenær ESA kveður upp úrskurð sinn. Í kjölfar niðurstöðunnar er stefnt að skráningu Sjóvár á markað. Vonir standa til að það verði á árinu 2013 og vinnur stjórn að undirbúningi skráningarinnar. Íslenska ríkið dró sig alfarið úr rekstrinum á árinu með sölu Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. á hlut þess. Frá því nýir eigendur komu að félaginu hefur það verið markmið þeirra að Sjóvá verði almenningshlutafélag. Hefur verið ánægjulegt að finna mikinn áhuga á þeim fyrirætlunum.

> Viðskiptavinum í Stofni hefur fjölgað ár frá ári frá árinu 2009 og er mikið ánægjuefni að sjá hversu margir viðskiptavinir sjá sér hag í að halda tryggð við Sjóvá.

Núverandi fjárfestar ætla sér að veita félaginu áfram kjölfestu, en telja æskilegt að breiður hópur standi að baki félagi sem hefur jafn marga snertifleti við heimilin og fyrirtækin í landinu.

Ég vil nýta tækifærið og þakka endurskoðendum frá KPMG sem nú hverfa frá störfum, lögum samkvæmt, fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Mér er einnig í huga þakklæti til starfsfólks Sjóvár fyrir góð störf á árinu. Stjórnin hlakkar til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs við starfsfólk og viðskiptavini Sjóvár.





# FRÁ FORSTJÓRA

Afkoma Sjóvár á árinu 2012 var góð og töluvert umfram áætlanir. Hagnaður ársins nam 2.057 m.kr. samanborið við 642 m.kr. árið áður. Hagnaður 2012 án niðurfærslu viðskiptavildar, afskrifta óefnislegra eigna og fyrir skatta nam 3.006 m.kr. samanborið við 2.954 m.kr. árið áður. Félagið varð fyrir einu stórtjóni á árinu en það var að mestum hluta endurtryggt og hefur því ekki afgerandi áhrif á afkomuna. Tjónahlutfall í ökutækjatryggingum var félaginu að mestu hagfellt ef frá eru taldir fyrstu mánuðir ársins sem voru nokkuð tjónaþungir vegna veðurs og færðar. Tjónahlutfall er nú 64,2% en var 67,5% árið á undan. Samsett hlutfall skaðatryggingarekstrar var 97,8% fyrir árið 2012 og líftryggingarekstrar 69,2%. Samanlagt samsett hlutfall samstæðunnar var 94,5%.

Afkoma af fjárfestingarstarfsemi var betri en gert var ráð fyrir. Skýrist það annars vegar af því að verðbólga varð meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir á árinu, en um tveir þriðju hlutar eignasafns félagsins eru verðtryggðir, og hins vegar af gengishagnaði af lækkun á ávöxtunarkröfu skuldabréfa. Vextir eru nú mjög lágir hér á landi og nálægt sögulegu lágmarki víðast hvar í heiminum. Það verða að teljast litlar líkur á að svo lágt vaxtastig haldist til frambúðar, þótt ómögulegt sé að spá fyrir um hvenær það hækkar og verð skuldabréfa lækki vegna hærra vaxtastigs. Félagið hefur mætt þessari áhættu með því að stytta meðallíftíma skuldabréfasafns síns. Á meðan vextir haldast jafn lágir og nú er mun það skila sér í lægri ávöxtun eigna félagsins en hún mun svo hækka þegar vaxtastig hækkar aftur.

Eigið fé samstæðunnar í árslok nam 14.991 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 37,2% en var 34,4% í árslok 2011. Gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,78 og aðlagað gjaldþolshlutfall samstæðunnar var 3,62, en það hækkaði úr 2,73 frá árslokum 2011. Í lok ársins námu heildareignir samstæðunnar 40.285 m.kr. og hafa vaxið um 2.673 m.kr. á árinu. Sjóvá er því vel fjármagnað vátryggingafélag.

> Ég lít á ákvörðun fjárfestanna sem hvatningu og viðurkenningu á því starfi sem unnið hefur verið í uppbyggingu félagsins.

Árið var viðburðaríkt í rekstri Sjóvár og var unnið að því að styrkja innviði félagsins til áframhaldandi sóknar. Stærsti hluthafi félagsins, SF1, jók hlut sinn með því að nýta kauprétt og kaupa eftirstandandi eignarhlut Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. Engar kvaðir voru á einstökum aðilum SF1 að auka við sinn hlut en allir ákváðu að nýta sér rétt sinn. Ég lít á ákvörðun fjárfestanna sem hvatningu og viðurkenningu á því starfi sem unnið hefur verið í uppbyggingu Sjóvár.

Í janúar 2012 voru gerðar breytingar á skipulagi félagsins með stofnun sérstaks vátryggingasviðs. Með því var verið að skerpa betur skilin á milli sölu og þjónustu annars vegar og verðlagningar hins vegar. Vátryggingasvið heldur nú utan um endurtryggingar, endurnýjanir, stofnstýringu og vöruþróun. Í lok ársins var öll sala og ráðgjöf til viðskiptavina sameinuð undir Sölu- og ráðgjafarsviði. Þessi breyting miðar að því að tryggja samhæfingu framlínu og þjónustu við viðskiptavini jafnframt því að bæta nýtingu þjónustunets.

Skipulagsbreytingar, sem hrint var í framkvæmd á síðasta ári og nýjar áherslur í rekstrinum, hafa sannað gildi sitt. Ég er þess fullviss að þær hafa hjálpað til við þann árangur sem við höfum náð, s.s. í ánægjuvoginni þar sem Sjóvá var hástökkvari ársins í hópi tryggingafélaga og færðist upp um sæti. Sama er að segja um ímynd félagsins sem hefur styrkst í mælingum. Einnig hefur markvisst verið unnið að því að bæta starfsumhverfið og styrkja starfsmannahópinn og eru skýrar vísbendingar um að þær aðgerðir séu að skila tilætluðum árangri. Endurbætur á húsnæðinu í Kringlunni eru nú á lokastigi og nokkurra mánaða reynsla komin á opnara rými. Áherslur hafa verið skerptar í rekstrinum með því að fækka nýttum skrifstofuhæðum um þrjár. Við höfum fengið til okkar tvo leigjendur sitt að hvorri hæðinni sem deila með okkur afnotum af efstu hæð hússins. Starfsumhverfið er bæði léttara og nútímalegra sem skilar sér í meiri krafti, betra flæði upplýsinga og bættu samstarfi. Kannanir á starfsánægju sýna að hún hefur farið ört vaxandi síðustu tvö ár.

Afkoma af vátryggingarekstri félagsins hefur batnað í flestum vátryggingagreinum. Því er ekki að leyna að ytra umhverfi hefur verið vátryggingarekstri hagfellt að undanförnu en jafnhliða því hafa áherslur í rekstri skilað sínu. Þeim verkefnum er ekki lokið og þurfa stjórnendur stöðugt að vera vakandi fyrir tækifærum til bætts rekstrar. Góður árangur hefur náðst í kostnaðaraðhaldi, meðal annars í fækkun stöðugilda um 16. Með tilkomu nýs prentkerfis hafa sparast umtalsverðir fjármunir og nemur munurinn á pappírsnotkun 2,6 tonnum á ári. Á sömu nótum má geta þess að sorpflokkun hefur verið stóraukin og ráðist hefur verið í markvissar aðgerðir til að draga úr rafmagnsnotkun með breyttu fyrirkomulagi rafstýringar. Endurnýting varahluta sem standast ítrustu gæðakröfur og eru nýttir í viðgerðir ökutækja er önnur birtingarmynd aukinnar hagsýni. Unnið hefur verið að því að auka hlutfall notaðra varahluta en Sjóvá var fyrsta tryggingafélagið á Íslandi til að stíga þetta skref til fullnustu. Notkunarhlutfallið hefur vaxið úr tæplega 2% í 8% og er nú sambærilegt því hlutfalli sem þekkist á Norðurlöndunum. Öll eru þessi skref mikilvæg þegar litið er til umhverfisáhrifa rekstrarins.

> Afkoma Sjóvár á árinu 2012 var góð og töluvert umfram áætlanir. Hagnaður ársins nam 2.057 m.kr. samanborið við 642 m.kr. árið áður.

Sjóvá hefur vaxið mjög að styrk líkt og sjá má í stórbættu gjaldþoli og mjög sterkri eiginfjárstöðu. Sá styrkur gefur félaginu ótvírætt aukið svigrúm. Áætlanir ársins 2013 gera ráð fyrir áframhaldandi áherslum í grunnrekstri félagsins auk þess sem metnaðarfull markmið hafa verið sett um enn betri þjónustu og ímynd. Við munum standa vörð um þann góða árangur sem náðst hefur í starfsánægju. Áfram verður unnið að endurnýjun og einföldun tölvukerfa sem hefur reynst töluvert dýrari framkvæmd en áætlað var. Afar mikilvægt er að ljúka þessari vinnu og mun ávinningur þess skila sér í bættri þjónustu, lægri kostnaði og auknum gæðum. Samhliða því er unnið að því að bæta ferla og verklag með innleiðingu staðals um upplýsingaöryggi ISO 27001.

Starfsfólk Sjóvár um land allt sameinaðist á fjölmennum starfsdegi í september og lagði grunn að þeim málefnum sem brýnast er að sinna til að bæta þjónustu við viðskiptavini. Áratugareynsla og fersk sýn á reksturinn var þar nýtt og krafturinn virkjaður með það að markmiði að við stefnum öll í sömu átt. Síðan þá hefur verið unnið markvisst úr niðurstöðum dagsins og ótvírætt er að samheldnin við þessa vinnu mun skila okkur mikilvægum árangri. Í framhaldinu hefur verið ákveðið að endurskilgreina hlutverk, gildi og framtíðarsýn félagsins. Það er tímabært að fara í þá vinnu nú, vegna þess að margt hefur breyst innanbúðar hjá okkur. Einnig hafa miklar breytingar átt sér stað í samfélaginu síðan eldri gildi voru ákvörðuð og mun sú vinna skila árangri á árinu 2013.

Það er ánægjulegt og þakkarvert hversu vel tókst til á árinu. Framundan bíða okkar fjölbreytt og spennandi verkefni. Ég vil þakka starfsfólki og stjórn Sjóvár gott samstarf á árinu 2012. Viðskiptavinum þakka ég góð samskipti á árinu.





# SJÓVÁ KEMUR VÍÐA VIÐ

## SJÓVÁ ER Í ÓLYMPÍUFJÖLSKYLDU ÍSÍ

Sjóvá hefur verið öflugur styrktar- og samstarfsaðili Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um langt skeið m.a. sem meðlimur í Ólympíufjölskyldunni.



Farsælt samstarf skilaði miklum sýnileika á árinu og var ánægjulegt að eiga þátt í að styrkja fulltrúa Íslands á Ólympíuleikunum í London. Í tengslum við Stofnendurgreiðsluleik bauð Sjóvá heppnum viðskiptavini ásamt gesti á Ólympíuleikana í London þar sem hann horfði m.a. á „Strákana okkar“ keppa í handbolta.

## SJÓVÁ OG SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG ENDURNÝJA SAMSTARFSSAMNING

Sjóvá og Slysavarnafélagið Landsbjörg endurnýjuðu samstarfssamning sem félögin hafa átt með sér frá árinu 1999. Sjóvá verður aðalstyrktaraðili samtakanna næstu fimm árin. Með þessum samningi verður samstarfið aukið frá því sem verið hefur, bæði á sviði forvarna og





öryggismála. Sjóvá hefur í rúman áratug stutt dyggilega við hið einstaka og ósérhlífna sjálfboðaliðastarf Slysavarnafélagsins Landsbjargar og átt nána samvinnu í ýmsum forvarna- og öryggismálum sem og vátryggingamálum hinna fjölmörgu björgunarsveita félagsins.

## SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ HALDIÐ Í 23. SINN

Hið árlega Kvennahlaup Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands var haldið 16. júní í tuttugasta og þriðja sinn og tóku rúmlega 16 þúsund konur á öllum aldri þátt. Hlaupið var á yfir 80 stöðum um allt land og á fjölmörgum stöðum erlendis. Kvennahlaupið er stærsti almenningsíþróttaviðburður ár hvert hér á landi. Á hverju ári er vakin athygli á góðu málefni og í ár var kastljósinu beint að fatasöfnun Rauða kross Íslands. Vakin var athygli á að í fatasöfnunum hér á landi gleymist oft að mikil þörf er fyrir nærfatnað, ekki síður en annan fatnað. Var þeim sem mættu í Kvennahlaupið gefinn kostur á að koma með brjóstahaldara og annan nærfatnað og gefa til bágstaddra. Átakið vakti mikla athygli og söfnuðust þúsundir brjóstahaldara. Verkefnið hlaut fyrstu verðlaun í flokki almannaheillaauglýsinga sem veitt eru af Ímark.





## VIÐSKIPTAVINIR Á BETRI DEKKJUM

Í upphafi árs gerði Sjóvá könnun á dekkjum ökutækja sem lent höfðu í tjóni. Leiddi könnunin í ljós að alltof hátt hlutfall þessara ökutækja var á lélegum og jafnvel ónýtum dekkjum. Í framhaldinu vakti Sjóvá athygli á mikilvægi þess að eigendur ökutækja hugi vel að dekkjabúnaði og buðum viðskiptavinum í Stofni 25% afslátt af vetrardekkjum ásamt sértilboði á umfelgun. Viðskiptavinir tóku tilboðinu vel og heppnaðist verkefnið vonum framar, ekki síst m.t.t. umræðu í fjölmiðlum um mikilvægi góðra dekkja. Markpósturinn hlaut tilnefningu til íslensku auglýsingaverðlaunanna, sem veitt eru af Ímark, sem besti markpósturinn á árinu.

## SJÓVÁ BAKHJARL VERKEFNIS UM ENDURHÖNNUN BJÖRGVINSBELTISINS

Hinn margreyndi björgunarbúnaður, Björgvinsbeltið, sem upprunalega var hannað fyrir rúmum tveimur áratugum af sjómanni í Vestmannaeyjum, hefur verið endurhannað með tilliti til nútímakrafna í björgunarmálum. Sjóvá



styrkti endurhönnun beltisins fyrir Slysavarnafélagið Landsbjörgu, sem hefur sett sér það markmið að dreifa nýjum Björgvinsbeltum um borð í skip og báta auk fleiri staða, svo sem við brýr og aðra staði þar sem nauðsyn er að hafa slíkan björgunarbúnað við hendina. Sjóvá er stolt af því að vera samstarfsaðili og bakhjarl þessa metnaðarfulla verkefnis.

## FERÐAÞJÓNUSTUKLASINN

Í október var haldinn upphafsfundur í klasasamstarfi innan íslensku ferðaþjónustunnar. Tilgangur samstarfsins er að kortleggja atvinnugreinina skv. klasaaðferðafræði Michaels Porter til að finna styrkleika og tækifæri innan hennar. Sjóvá tekur þátt í þessu samstarfi ásamt um 40 öðrum aðilum.

## HJÓLADAGUR SJÓVÁR OG SLYSAVARNAFÉLAGSINS LANDSBJARGAR

Slysavarnafélagið Landsbjörg, í samstarfi við Sjóvá, hitti krakka í 6. bekk grunnskóla víða um land og fræddi þau um notkun á reiðhjólahjálmum, skyldubúnað reiðhjóla og merkingu umferðarmerkja. Hjólreiðaþraut var sett upp og krökkunum gefinn kostur á vinningi gegn því að svara nokkrum léttum spurningum.



## STUÐNINGUR VIÐ BARNA- OG UNGLINGASTARF ÍÞRÓTTAFÉLAGA

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Fram og var samningur þess efnis framlengdur í maí. Sjóvá starfar með fjölda annarra íþróttafélaga um allt land með sérstaka áherslu á barna- og unglingastarf.



## FORVARNADAGAR STARFSFÓLKS SJÓVÁR

Forvarnadagar eru haldnir árlega hjá Sjóvá. Á forvarnadögum skoðar starfsfólk hvað það getur gert til að koma í veg fyrir slys og tjón í starfi og einkalífi. Þannig verða starfsmenn betur í stakk búnir að aðstoða viðskiptavinina. Allir starfsmenn Sjóvár eru forvarnafulltrúar, sama hvaða starfi þeir sinna frá degi til dags.

Í lok forvarnavikunnar skuldbatt stjórn Sjóvár og starfsfólk sig til að vera öðrum fyrirmynd þegar kemur að forvörnum og öryggismálum og skrifaði starfsfólk undir sérstakan samning þess efnis.

### Forvarnaeiður starfsfólks

**Fyrirmynd í forvörnum**

Hlutverk Sjóvár er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Að vera starfsmaður Sjóvár fylgir áskorun um að vera fyrirmynd þegar kemur að forvörnum. Ég mun því keppast við að vera fyrirmynd annarra hvað varðar forvarna- og öryggismál í vinnu og einkalífi.

Ég tek áskoruninni – fyrirmynd í forvörnum.



## „MÖMMUR OG PABBAR NOTA LÍKA ÖRYGGISGLERAUGU“

Í skammdeginu eru kertabrunar algengir og hefur Sjóvá sérstaklega minnt fólk á að huga að eldvörnum. Um áramót hefur Sjóvá átt farsælt samstarf við Slysavarnafélagið Landsbjörgu um forvarnir tengdar flugeldum. Sérstök áhersla hefur verið lögð á notkun öryggisgleraugna við meðhöndlun flugelda undir slagorðinu, „Mömmur og pabbar nota líka öryggisgleraugu“.



## SAMSTARF VIÐ LEIKHÓPINN LOTTU

Sjóvá hefur átt farsælt samstarf við leikhópinn Lottu síðustu ár. Leikhópurinn hefur ferðast um landið með sýningar sínar og hefur viðskiptavinum í Stofni gefist



kostur á að fá frítt fyrir tvö börn á sýningar leikhópsins. Rúmlega fjögur þúsund börn viðskiptavina í Stofni fóru á sýninguna í ár. Sjóvá og Lotta hafa endurnýjað samstarfssamning og verður Sjóvá aðalstyrktaraðili Lottu næstu árin.

## SKEMMTILEG KVEÐJA

Sjóvá hefur gefið leikskólum um allt land öryggisvesti fyrir starfsmenn og börn árum saman. Starfsfólki Sjóvár barst góð kveðja frá 1. bekk í Smáraskóla þar sem þau þökkuðu fyrir að fá vesti frá Sjóvá.





# „Þetta var eins fljótlegt og auðvelt og hægt er að hugsa sér“

Við erum alltaf til staðar ef þú lendir í tjóni. Sjóvá berast meira en 20 þúsund tjónstilkynningar á ári og á hverjum virkum degi ársins greiðum við viðskiptavinum okkar rúmlega 30 milljónir króna. Mikið er lagt upp úr snerpu og faglegum viðbrögðum og allir verktakar á okkar snærum eru löggildir fagmenn og sérhæfðir í tjónaviðgerðum.

## Gott viðmót og fagleg þjónusta

„Nú fyrir skömmu varð svolítið tjón á heimilinu mínu og af því tilefni leitaði ég til félagsins og fékk þar hið besta viðmót og faglega þjónustu sem ég vil þakka fyrir. Minn þjónustufulltrúi hjá Sjóvá kann að setja sig í spor annarra og er sérstaklega góður í mannlegum samskiptum. Ég vona að hann verði sem lengst hjá Sjóvá.“

Ánægður viðskiptavinur þjónustuvers

## Vá! Þetta var fljótlegt!

„Lenti í því óhappi að gleraugun mín skemmdust, er tryggður hjá ykkur og ákvað að sækja um bætur. Hef aldrei sótt bætur fyrir neitt áður og bjóst við þvílíku stappi. En VÁ! Þetta var eins fljótlegt og auðvelt og hægt er að hugsa sér.
Fyllti inn tilkynningu á netinu, kom með gleraugun til ykkar og done! Tjónið bætt eftir örfáa daga.“

Ánægður viðskiptavinur um tjónaþjónustu

## Ótrúlega vel að öllu staðið

„... hún veiktist á Spáni og langaði til að segja okkur að henni fannst ótrúlega vel að öllu staðið. Átti ekki til orð yfir þjónustunni allri saman. Sagði að fólk á hótelinu hefði verið henni algjörlega sammála og að það myndu líklega allir tryggja hjá Sjóvá eftir þetta!“

Skilaboð frá viðskkiptavini til starfsmanns í framlínu

# AF REKSTRI ÁRSINS

## TEKJUR 2012
Iðgjöld ársins voru 12.734 m.kr. samanborið við 12.100 m.kr. árið 2011, sem er 5,2% hækkun frá fyrra ári. Iðgjaldatekjur á fyrirtækjamarkaði hækkuðu umfram iðgjöld á einstaklingsmarkaði eða um 9% m.v. bókfærð iðgjöld. Nýsala gekk vel, bæði í öflun nýrra viðskiptavina auk þess sem núverandi viðskiptavinir bættu við sig vátryggingavernd.

## TJÓN 2012
Fjöldi tjóna á árinu 2012 var svipaður og árin á undan og tjónatíðnin, mæld í fjölda tjóna á hver 100 skírteini, lækkaði örlítið á milli ára.

Fjöldi tjóna á 100 skírteini




Í upphafi ársins var mikið um tjón, sérstaklega var aukning í ökutækjatjónum sem má rekja til slæms veðurfars. Þá urðu nokkur stór tjón, t.a.m. á fasteignum og hjá flutningafyrirtækjum.

## TJÓNAGREIÐSLUR 2012
Á árinu 2012 greiddi félagið samtals 8,2 milljarða króna vegna tjóna til einstaklinga og fyrirtækja. Það gera rúmlega 30 milljónir á dag alla virka daga ársins. Greidd tjón vegna ökutækjatjóna eru um 54% af heildartjónum eða um 4,4 milljarðar og þar af eru um 44% vegna slysa á fólki.

## KOSTNAÐUR VEGNA ÖKUTÆKJATJÓNA
Tíðni tjóna í umferðinni er yfirleitt mest yfir vetrarmánuðina. Bílveltum og stærri slysatjónum fjölgar þó yfir sumarið, sem að miklu leyti er rakið til hraðaksturs og aukins aksturs á malarvegum.
Á sumrin eykst einnig umferð erlendra ferðamanna mjög á vegum landsins. Á haustin fjölgar aftanákeyrslum með aukinni umferð. Fjöldi slíkra tjóna er mikið áhyggjuefni þar sem afleiðingar þeirra geta verið erfiðir hálshnykksáverkar. Markvisst hefur verið unnið að því að fækka aftanákeyrslum með fræðslu og forvarnastarfi en gera má ráð fyrir að tæplega 25% allra ökutækjatjóna séu vegna þeirra. Ein orsök aftanákeyrslna er talin vera aukin farsímanotkun við akstur.

Ökutækjatjónum hefur fækkað nokkuð á undanförnum árum og slysum í umferðinni að sama skapi. Hjá Sjóvá hefur fjöldi skráðra slasaðra einstaklinga í umferðinni minnkað um 31,5% á árabilinu 2007–2011. Á móti kemur að sífellt stærri hluti slasaðra sækir bætur vegna varanlegra afleiðinga umferðarslysa en áður.

Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá desember 2012 nam varlega áætlaður heildarkostnaður samfélagsins vegna umferðarslysa á árinu 2009 22–23 milljörðum króna á þágildandi verðlagi en hátt í 30 milljörðum að núvirði. Vátryggingafélögin bera langstærstan hluta þessa kostnaðar eða um 85% samkvæmt skýrslunni. Kallar skýrsluhöfundur eftir bættri umferðarmenningu og nýrri stefnu stjórnvalda í forvarnamálum til lengri tíma. Hugarfarsbreyting og vel ígrunduð stefna stjórnvalda er ein meginforsenda betri árangurs í umferðar- og öryggismálum.

## ÁFALLAHJÁLP VEGNA TJÓNA
Sjóvá býður viðskiptavinum sem verða fyrir erfiðri tjónareynslu áfallahjálp og hefur reynslan sýnt að sálrænn stuðningur fagmanna er ómetanlegur þeim sem eiga um sárt að binda eftir áföll vegna tjóna.

## LOFTSLAGSBREYTINGAR OG ÓVEÐURSTJÓN
Veðurfar skiptir oft sköpum varðandi fjölda tjóna. Tjón af völdum óveðurs sem varð í nóvember sl. voru 140 talsins og var samanlagður tjónakostnaður vegna þeirra um 30 m.kr. Í ljósi umræðu um breytingar í loftslagsmálum í heiminum og áhrif þeirra á tjón er fylgst sérstaklega með þróun tjóna af völdum óveðra hjá félaginu. Enn sem komið er er ekkert sem bendir til þess að breytingar á veðurfari hafi áhrif á tjónatíðni hér á landi.

Þróun óveðurstjóna




## NEYÐARÞJÓNUSTA ALLAN SÓLARHRINGINN
Neyðaþjónusta eignatjóna hjá Sjóvá er opin allan sólarhringinn, alla daga ársins. Hlutverk neyðarþjónustunnar er að aðstoða viðskiptavini okkar í neyð ásamt verðmætabjörgun sem oft skiptir sköpum. Þessi þjónusta hefur mælst mjög vel fyrir hjá viðskiptavinum.

## ÁHÆTTUGREINING
Markvisst er unnið að greiningu á áhættu viðskiptavina með það að markmiði að verðlagning endurspegli raunverulega áhættu.

Áhersla verður áfram lögð á að áhættugreina vátryggingastofna félagsins sem og ný viðskipti. Markmiðið er að verðlagning félagsins á vátryggingum verði í samræmi við áhættu þeirra og að samsett hlutfall skaðatryggingarekstrar nái stöðugleika vel undir 100%. Slíkri vinnu er í raun aldrei lokið enda breytast áhættur oft með tímanum.

Undanfarin ár hafa verið félaginu hagfelld í tjónatíðni og alvarleika tjóna. Ekki er hægt að búast við að það verði viðvarandi. Reynsla úr vátryggingaheiminum sýnir að uppsveifla í efnahagslífi eykur oft tjónaþunga vátryggingafélaga. Áhersla verður lögð á að fylgjast vel með þróun tjónatíðni svo hægt sé að grípa til aðgerða á réttum tíma til að mæta aukinni tjónatíðni sem búist er við í takti við betra efnahagslíf. Sjóvá leggur mikla áherslu á góða þjónustu við viðskiptavini. Hluti af því er að selja vátryggingaafurðir sem henta markaðnum og væntingum hans. Núverandi vöruframboð félagsins er fjölbreytt en í takt við nýja tíma er eðlilegt að skoða það gagnrýnum augum svo gera megi enn betur.

## FORVARNIR OG ÁHÆTTUGREINING
Forvarnir eru mikilvægur þáttur í starfsemi Sjóvár. Félagið sinnir forvarnastarfi með einstaklingum og fyrirtækjum. Lögð er áhersla á að upplýsa viðskiptavini um leiðir til að fyrirbyggja tjón og slys. Áralöng reynsla sýnir okkur að samstarf við viðskiptavini um áhættugreiningu og forvarnir skilar undraverðum árangri.

Fyrirtækjum er ýmist boðin áhættugreining eða þau óska eftir slíkri þjónustu sjálf. Góð öryggismenning á vinnustað er sameiginlegt hagsmunamál allra aðila og slíkt hefur bein áhrif á fækkun vinnuslysa og eignatjóna.



## ÞÁTTTAKA Í SAFETRAVEL.IS
Ferðavefurinn safetravel.is er samvinnuverkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sjóvár og fleiri aðila. Vefnum er ætlað að miðla upplýsingum til ferðamanna til að auka öryggi. Fjöldi erlendra ferðamenna hér á landi hefur aukist jafnt og þétt hin síðari ár og það er hagsmunamál að tryggja flæði upplýsinga og góða fræðslu til að draga úr tjónum. Heimsóknum á vefinn hefur fjölgað jafnt og þétt frá því að hann var opnaður. Árið 2011 voru heimsóknir tæplega 30.000 en þá voru tæpar 140.000 flettingar á vefnum. Árið 2012 voru heimsóknir orðnar 51.000 og flettingarnar 180.000.



## FYRIRTÆKJAFORVARNIR – SLYSAVARNIR SJÓMANNA

Sjóvá hefur í samvinnu við útgerðir og Slysavarnaskóla sjómanna unnið að forvörnum með áhöfnum skipa. Þessi vinna hefur skilað umtalsverðum árangri. Atvikaskráning um borð í skipum og bátum veitir áhöfnum yfirsýn yfir „næstum því slys“ og þá er hægt að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir slys og tjón. Reynslan sýnir að í flestum tilfellum þarf litlar lagfæringar um borð eða breytingu á vinnulagi til þess að fyrirbyggja slysahættu. Sjóvá mun áfram leggja mikla áherslu á slysavarnir sjómanna bæði meðal stærri og minni útgerða.

## LAGAUMHVERFI OG SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA (SFF)

Umfjöllun um ný lagafrumvörp til umferðarlaga og ökutækjatrygginga hélt áfram á árinu 2012. Bæði þessi frumvörp eru mjög mikilvæg í rekstri ökutækjatrygginga og nauðsynlegt er að kryfja fyrirhugaðar breytingar vel til mergjar. Félagið tók þátt í starfi á vegum SFF við yfirferð frumvarpanna og skilum umsagna við þau.

Sjóvá átti fulltrúa í nefnd á vegum SFF sem vann skýrslu um framkvæmd örorkumats samkvæmt skaðabótalögum á Íslandi. Nefndin skilaði af sér skýrslunni til stjórnar SFF í byrjun árs 2013.

Á árinu 2012 bjuggu íslensk líftryggingafélög við áframhaldandi gjaldeyrishöft sem skerða mjög samkeppnishæfni þeirra gagnvart erlendum líftryggingafélögum á íslenska markaðnum. Erlend líftryggingafélög sem starfa á Íslandi geta fengið að kaupa gjaldeyri fyrir hönd viðskiptavina sinna og fjárfest fyrir þá á erlendum verðbréfamörkuðum. Þetta er innlendum líftryggingafélögum ekki heimilt. Þessi aðstöðumunur er skerðing á samkeppnisstöðu íslenskra líftryggingafélaga gagnvart erlendum félögum.

# ÚTIBÚ OG UMBOÐ – LANDSBYGGÐIN Í SÓKN

Sjóvá rekur 11 útibú á landsbyggðinni, þar starfa 30 starfsmenn með víðtæka menntun og reynslu. Auk þess er Sjóvá með umboðssamning við 25 sölu- og þjónustuaðila.

Sjóvá hefur því á að skipa 37 þjónustuskrifstofum víðs vegar um landið. Fjöldi útibúa og umboða er sá sami og 2011 en nýir umboðsmenn tóku við á Patreksfirði og Vopnafirði á árinu.

Útibúa- og umboðsmannaneti Sjóvár er veitt forstaða af útibússtjóra á Akureyri. 34% iðgjalda Sjóvár eða 3,9 milljarðar króna koma í gegnum svæðisútibúin. Vöxtur í fjölda viðskiptavina í Stofni og aukning iðgjalda var meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári.

Starfsemin er þannig uppbyggð að landinu er skipt upp í sjö svæði og hvert svæðisútibú er ábyrgt fyrir rekstri, tjónaumsýslu, þjónustu og viðskiptum á hlutaðeigandi svæði. Svæðin eru eftirfarandi:

**Reykjanesbær:** Suðurnes að Álftanesi. Svæðisútibú í Reykjanesbæ og umboð í Grindavík.

**Akranes:** Bæjarfélagið og nærsveitir. Svæðisútibú á Akranesi.

**Borgarbyggð:** Borgarbyggð og nærliggjandi sveitir ásamt Snæfellsnesi til og með Hvammstanga. Svæðisútibú í Borgarnesi, umboð í Ólafsvík, Stykkishólmi, Búðardal og á Hvammstanga.

**Ísafjörður:** Vestfirðir frá Reykhólum að Hólmavík. Svæðisútibú á Ísafirði, umboð á Patreksfirði, í Bolungarvík og Hólmavík.

**Akureyri:** Svæðið frá Blönduósi til Þórshafnar. Svæðisútibú á Akureyri auk útibúa á Húsavík og Dalvík. Umboð á Blönduósi, Skagaströnd, Sauðárkróki, Siglufirði, í Grímsey, Reykjahlíð, á Kópaskeri og Þórshöfn.

**Egilsstaðir:** Svæðið frá Bakkafirði að Öræfum. Svæðisútibú á Egilsstöðum og útibú á Reyðarfirði. Umboð á Vopnafirði, í Neskaupstað, á Breiðdalsvík, Djúpavogi og Höfn.

**Selfoss:** Suðurland frá Kirkjubæjarklaustri að Hveragerði með Vestmannaeyjum. Svæðisútibú á Selfossi og útibú í Vestmannaeyjum. Umboð á Kirkjubæjarklaustri, í Vík, á Hellu og Þorlákshöfn.



Líkt og undanfarin ár hafa litlar breytingar verið í starfsmannahópi útibúa. Þar hefur byggst upp mikil reynsla sem hefur tryggt langvarandi og persónuleg viðskiptasambönd.

Í útibúum Sjóvár er lögð áhersla á að veita alhliða þjónustu við fyrirtæki, sveitarfélög, stofnanir og einstaklinga. Útibúanet Sjóvár sinnir jafnframt mikilvægu þjónustuhlutverki í útgáfu vátrygginga, símsvörun og margþættri bakvinnslu. Veitt er öflug tjónaþjónusta í útibúunum.





# „Ég er mjög ánægð með fasta tengiliðinn minn“

Sjóvá er traust vátryggingafélag sem leggur metnað í að vera í forystuhlutverki í þjónustu og ráðgjöf til fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Hjá Sjóvá starfar fólk með sérþekkingu og mikla reynslu á sviði vátrygginga sem sér til þess að fyrirtækið þitt sé með rétta vátryggingarvernd.

## Góð og hröð þjónusta

„Ég segi öllum frá þeirri góðu og hröðu þjónustu sem við fengum hjá Sjóvá eftir að bíl var ekið inn í búðina og endaði á miðju gólfi. Við náðum að opna búðina strax daginn eftir“

Ánægður viðskiptavinur um tjónaþjónustu

## Þægileg samskipti

„Ég er mjög ánægð með fasta tengiliðinn minn. Hitti hann þegar ég flutti tryggingar mínar yfir til Sjóvár fyrir mörgum árum og hef síðan haft samskipti við hann með tölvupósti, bæði fyrir mig og foreldra mína. Svarar alltaf póstinum um leið og er þægilegur í samskiptum í síma. Fæ á tilfinninguna að hann sé að gera það besta sem hann getur fyrir mig. Ég kann einnig að meta þjónustu Vegaaðstoðar Sjóvár.“

Ánægður viðskiptavinur fyrirtækjaþjónustu

## Kærar þakkir!!

„Man ekki hvort ég var búin að segja þér að stærsta ástæðan fyrir því að við höldum okkur við Sjóvá er góða þjónustan sem við fáum hjá þér.“

Ánægður viðskiptavinur fyrirtækjaþjónustu



# MANNAUÐUR OG MENNING

## STARFSÁNÆGJA

Framúrskarandi mannauður og sterk fyrirtækjamenning skiptir Sjóvá miklu máli. Sérhæfð starfsemi, fjöldi viðskiptavina og krafa um hátt þjónustustig gerir starfsfólkið að einni af lykilauðlindum fyrirtækisins. Síðastliðin tvö ár hefur starfsánægja, sem mæld er árlega, aukist umtalsvert hjá fyrirtækinu og er nú vel yfir meðaltali fjármála- og tryggingafyrirtækja.

Samstilltur og tryggur starfsmannahópur hefur verið eitt af aðalsmerkjum Sjóvár í áratugi. Starfsmannavelta hefur lengi verið lág og því býr Sjóvá að því að hjá félaginu starfar fólk sem hefur langa reynslu af vátryggingastarfsemi. Aldurskipting starfsmannahópsins er eftirfarandi:

| Lífaldur | | Starfsaldur | |
|---|---|---|---|
| 19–29 ára | 7% | 0–5 ár | 41% |
| 39–39 ára | 21% | 6–10 ár | 19% |
| 40–49 ára | 32% | 11–15 ár | 18% |
| 50 ára og eldri | 42% | 15 ár og meira | 22% |
| Meðaltal | 45 ár | Meðaltal | 11 ár |

## ÞEKKING

Menntun og þekking starfsfólks er fjölbreytt. Hjá Sjóvá eru 44% starfsfólks með háskólamenntun, 33% hafa lokið stúdentsprófi eða iðnnámi og 23% eru með aðra menntun. Sjóvá rekur metnaðarfulla endurmenntunarstefnu og er boðið upp á fjölda fyrirlestra og námskeiða á hverju ári, ásamt því að starfsfólk sækir námskeið og ráðstefnur hér heima og erlendis.

## JAFNRÉTTISSTEFNA

Sjóvá vinnur eftir virkri jafnréttisstefnu. Fylgst er með kynjahlutföllum innan starfshópa félagsins og tekið tillit til þeirra við ráðningar. Virkt eftirlit er með launaþróun og þess gætt að sömu laun séu greidd fyrir sambærilega vinnu, menntun og reynslu. Árangur stefnunnar endurspeglast m.a. í kynjaskiptingu starfsmannahópsins sem er mjög jöfn, 56% konur og 44% karlar. Sömu hlutföll eru í stjórnendahópi fyrirtækisins. Þá eru kynjahlutföll í framkvæmdastjórn og stjórn 40% konur og 60% karlar.

## Í SÁTT VIÐ UMHVERFI OG NÁTTÚRU

Í takt við þá stefnu Sjóvár að vera samfélagslega ábyrgt fyrirtæki er markvisst unnið að því að finna leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og bæta nýtingu á öllum sviðum. Á árinu 2012 var öllum prenturum í fyrirtækinu skipt út fyrir nýja og umhverfisvænni prentara. Um leið var tækjum fækkað umtalsvert. Með öflugri þátttöku starfsmanna hefur pappírsnotkun í starfsstöðvum félagsins minnkað um 47% þannig að árlega munu sparast 2,6 tonn af pappír. Þá hefur sorpflokkun verið stóraukin og ráðist í markvissar aðgerðir til að draga úr rafmagnsnotkun.

# SKIPULAGS- OG REKSTRARMÁL

## GÆÐA- OG ÖRYGGISMÁL

Hjá Sjóvá er stöðugt unnið að bætingu ferla til að efla þjónustu, auka afköst og draga úr kostnaði. Á árinu 2012 hófst vinna við að bæta við og breyta gæðakerfi félagsins í takt við gæðastaðalinn ISO 27001 um stjórnun upplýsingaöryggis. Stefnt er að því að fá vottun á þessa vinnu í ársbyrjun 2014. Þá er stöðugt unnið að endurbótum á skjalakerfi félagsins, sem var uppfært á árinu 2012.

## UPPLÝSINGATÆKNIMÁL

Á árinu náðist það langþráða takmark að einfalda grunnupplýsingakerfi félagsins og færa allar vátryggingar í eitt kerfi sem gerir vöruþróun auðveldari og einfaldar gagnaúrvinnslu. Tjónakerfi félagsins var einnig uppfært og eflt verulega og tekin var í notkun ný kerfiseining fyrir fyrirtækjaþjónustu sem gjörbyltir allri yfirsýn og auðveldar vátryggingaráðgjöfum að veita fyrirtækjum betri þjónustu og ráðgjöf. Stöðugt er unnið að þróun og endurbótum hinna ýmsu kerfislausna enda leikur upplýsingatækni sífellt stærra hlutverk í allri starfsemi fyrirtækisins.

## SKIPULAGSBREYTINGAR

Í janúar 2013 voru gerðar breytingar á skipulagi félagsins sem ætlað er að skerpa betur skilin á milli sölu og þjónustu annars vegar og verðlagningar og framsetningu vara hins vegar. Stofnað var nýtt svið, Vátryggingasvið. Helstu verkefni sviðsins eru endurtryggingar, endurnýjanir, stofnstýring og vöruþróun. Þessi verkefni heyrðu áður undir Sölu- og ráðgjafarsvið og Áhættustýringu.

Í lok árs var Þjónusta og ráðgjöf, sem sér um þjónustuver, móttöku viðskiptavina og símsvörun í höfuðstöðvum félagsins færð til Sölu- og ráðgjafarsviðs. Þessi breyting miðar að því að tryggja betri nýtingu þjónustunetsins og bæta þjónustu við viðskiptavini. Sala og ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga um allt land er nú sameinuð undir Sölu- og ráðgjafarsviði.

## BREYTINGAR Á HÚSNÆÐI

Á árinu hafa staðið yfir umfangsmiklar endurbætur á húsnæði félagsins í Kringlunni og hafa allar hæðir hússins nú verið endurnýjaðar. Að breytingum loknum er yfirbragð þeirra ekki aðeins bjartara heldur endurspeglar öll hönnun og efnisval einnig áherslur um vistvænan vinnustað. Allir starfsmenn sitja í dag við eins vinnustöðvar í opnu vinnurými sem auðvelt er að breyta og aðlaga að þörfum starfseminnar hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur bætt upplýsingaflæði innan og milli skipulagseininga. Starfsfólk hefur tekið þessum breytingum opnum örmum og mælist starfsánægja meiri eftir þessar breytingar.

Með breytingunum er nýting húsnæðisins mun betri. Losað var um tvær hæðir sem nú eru leigðar til annarra fyrirtækja. Efsta hæðin er samnýtt af öllum fyrirtækjunum í húsinu en þar er að finna glæsilegt mötuneyti, kaffihús og fundaaðstöðu. Sjóvá hefur á tíu árum minnkað umfang húsnæðis í rekstri á höfuðborgarsvæðinu úr 6.800 í 2.800 fermetra.





























# STARFSDAGUR SJÓVÁR 2012 – DAGURINN OKKAR

Árlega er haldinn starfsdagur þar sem allt starfsfólk Sjóvár hittist og brýtur til mergjar þau mál sem hæst ber hverju sinni. Árið 2010 voru stefna og gildi félagsins mótuð á slíkum starfsdegi og framtíðarsýn í kjölfarið. Árið 2011 var unnið með starfsánægju og tryggð og í ár var unnið með þjónustustefnuna og áherslur í þjónustumálum.

Markmið með starfsdeginum var að auka samstöðu og þjónustuvitund alls starfsfólks hvað varðar innri og ytri þjónustu félagsins. Þjónusta við ytri viðskiptavini og hvert annað er lykilatriði í því að skapa Sjóvá sérstöðu á vátryggingarmarkaði. Við erum að efla þjónustu við viðskiptavini enn frekar á öllum sviðum.

Verkefnum starfsdagsins var skipt upp í fimm flokka. Í framhaldinu voru myndaðir vinnuhópar um hvern flokk og áhersla lögð á gagnsæ vinnubrögð og gott upplýsingaflæði.

Eitt það fyrsta sem hrint var í framkvæmd eftir starfsdaginn var að auka tíma framlínustarfsfólks með viðskiptavinum ásamt því að rýna ferla og auka skilvirkni.

Við hlustum á rödd innri og ytri viðskiptavina og vinnum markvisst að úrbótum á þeim þáttum sem færa okkur nær væntingum viðskiptavina. Með því aukum við ánægju og tryggð og gerum Sjóvá eftirsóknarverðara.

Á næsta starfsdegi okkar munum við fara yfir hvað hefur áunnist og halda áfram umbótavinnu undir nýju þema.




# STJÓRNARHÁTTAYFIRLÝSING 2012 SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF.

## INNGANGUR

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er vátryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um vátryggingastarfsemi.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um hlutafélög og lögum um vátryggingastarfsemi. Stjórn félagsins setti sér starfsreglur sem staðfestar voru þann 20. mars 2012 og eru aðgengilegar á sjova.is. Stjórnin studdist við leiðbeiningar Viðskiptaráðs Íslands við ritun stjórnarháttayfirlýsingar þessarar.

## INNRA EFTIRLIT OG ÁHÆTTUSTÝRING

Haldið er utan um stjórnkerfi og skipulag félagsins í gæðakerfi þess. Leiðbeiningar fyrir starfsmenn félagsins miða að því að hver og einn beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu félagsins og upplýsingaöryggi. Innra eftirlit er innbyggt í verklagsreglur félagsins og eru innri úttektir framkvæmdar reglulega. Gæðastjóri kynnir niðurstöður innri úttekta fyrir framkvæmdastjórn að lágmarki einu sinni á ári.

Félagið leggur áherslu á skýra verkaskiptingu og ábyrgð. Regluleg skýrslugjöf er varðar afkomu einstakra sviða starfseminnar er mikilvægur þáttur innra eftirlits og tryggir að reikningsskil séu í samræmi við góða reikningsskilavenju. Mánaðarlegar skýrslur um rekstrarlega afkomu og aðrar reglulegar úttektir miða að því að tryggja gagnsæi í starfseminni og gera félaginu kleift að uppgötva og leiðrétta skekkjur, fylgjast með frávikum og sveiflum í starfseminni og gefa svigrúm til að bregðast við ef áhættuþættir eða breytingar í rekstrarumhverfi gefa tilefni til.

Sjóvá lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins og hefur komið á samhæfðri áhættustýringu sem nær til allra rekstrarþátta félagsins í samræmi við leiðbeinandi tilmæli þess nr. 1/2011 um áhættustýringu vátryggingafélaga. Félagið hefur sett sér áhættustefnu sem tryggir að brugðist sé við áhættum með samhæfðri stýringu. Áhættustýring félagsins hefur reglulegt eftirlit með því að iðgjaldaskrár endurspegli raunverulega vátryggingalega áhættu og séu í samræmi við afkomumarkmið. Tjónaskuld og endurtryggingavernd félagsins er metin með reglulegum hætti og þess gætt að hún sé í samræmi við þarfir félagsins og skuldbindingar þess. Unnið er að aðlögun að tilskipun 2009/138/EB – Solvency II tilskipuninni.

Endurskoðun ársreiknings félagsins er í höndum KPMG ehf. Innri endurskoðun er í höndum Deloitte ehf.

## HLUTVERK, GILDI OG FRAMTÍÐARSÝN FÉLAGSINS

Hlutverk Sjóvár er að tryggja verðmætin í lífi fólks með áherslu á forvarnir. Með því vill félagið taka þátt í að skapa og treysta þau lífsgæði sem fólk sækist eftir.

Gildi Sjóvár eru traust, metnaður og jákvæðni. Þau eru leiðbeinandi í öllum ákvörðunum stjórnar og starfsfólks og leggja grunninn að þeirri framtíðarsýn sem unnið er að innan félagsins:

- Viðskiptavinir í öndvegi
- Sterk liðsheild og skýr innbyrðis ábyrgð
- Framúrskarandi þjónusta
- Eftirsóknarvert fyrirtæki
- Samfélagsleg ábyrgð




## REGLUR, STEFNUR OG SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ

Stjórnin endurskoðaði síðast starfsreglur sínar 20. mars 2012 sem meðal annars taka á hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu, hlutverki stjórnar og skyldum stjórnarmanna. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins fari að lögum og samþykktum og hefur eftirlit með bókhaldi og ráðstöfun fjármuna félagsins. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og skal stuðla að því að markmið félagsins náist.

Nýjar reglur um innri endurskoðun og innra eftirlit voru samþykktar á árinu. Sömuleiðis samþykkti stjórn reglur um fjárfestingarstarfsemi, sem skýrir ábyrgð á fjárfestingum og ferli ákvarðanatöku sem tengist þeim. Samhliða þeirri vinnu var samþykkt fjárfestingarstefna. Í lok ársins voru svo samþykktar nýjar siðareglur. Stjórn Sjóvár hefur samþykkt stefnu um samfélagslega ábyrgð fyrir félagið.

Starfsreglur stjórnar Sjóvár, stefna um samfélagslega ábyrgð og siðareglur Sjóvár eru aðgengilegar á sjova.is.




## STJÓRN

Stjórn Sjóvár er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Aðalmenn eru Erna Gísladóttir, stjórnarformaður, Tómas Kristjánsson, varaformaður, Heimir V. Haraldsson, Ingi Jóhann Guðmundsson og Kristín Haraldsdóttir. Varamenn í stjórn eru Axel Ísaksson, Eiríkur S. Jóhannesson, Garðar Gíslason, Jón Diðrik Jónsson og Þórhildur Ólöf Helgadóttir. Stjórnin fundar að jafnaði mánaðarlega og að lágmarki 10 sinnum á ári.

**Erna Gísladóttir,** stjórnarformaður, fædd 5. maí 1968, til heimilis á Seltjarnarnesi. Erna var fyrst kjörin í stjórn Sjóvár 20. júní 2009. Hún tók við formennsku stjórnar í júlí 2011. Erna lauk B.Sc. í hagfræði frá Háskóla Íslands 1991 og MBA frá IESE í Barcelona 2004. Erna er forstjóri og í stjórn BL ehf. Hún var forstjóri Bifreiða og landbúnaðarvéla hf. 2003-2008, var einn af eigendum þess félags, og framkvæmdastjóri frá 1991. Hún situr í stjórnum Egg ehf., Egg fasteigna ehf., Eldhúsvara ehf., Haga hf., Hregg ehf., SF1 slhf. og SF1GP ehf. Hún situr í varastjórn Viðskiptaráðs Íslands. Hún hefur sömuleiðis setið í stjórn Háskólans í Reykjavík ehf. og Bílgreinasambands Íslands.

**Tómas Kristjánsson,** varaformaður, fæddur 15. nóvember 1965, til heimilis í Reykjavík. Tómas hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011 en hann var áður varamaður í stjórn. Tómas er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands 1990 og með MBA-gráðu frá háskólanum í Edinborg 1997. Tómas starfaði sem yfirmaður lánaeftirlits Iðnlánasjóðs 1990–1998. Hann var framkvæmdastjóri áhættustýringar, fjárstýringar, fjármögnunar og reikningshalds FBA hf. (síðar Íslandsbanka hf. og Glitnis hf.) og sat í framkvæmdastjórn bankans frá 1998 til maí 2007. Hann hefur frá júní 2007 starfað sem einn eigenda hjá fjárfestingafélaginu Siglu ehf. og fasteignafélaginu Klasa ehf. og situr í stjórn Eimskipafélags Íslands hf. og Senu ehf.

**Heimir V. Haraldsson,** fæddur 22. apríl 1955, til heimilis í Reykjavík. Heimir hefur setið í stjórn Sjóvár frá 20. júní 2009. Heimir lauk prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1979, og fékk löggildingu sem endurskoðandi 1982. Heimir starfaði 1976–2000 hjá Endurskoðun hf., síðar KPMG Endurskoðun hf. í Reykjavík. Hann var meðeigandi og síðar framkvæmdastjóri félagsins í tíu ár, samhliða störfum við endurskoðun og ráðgjöf. Hann var framkvæmdastjóri Fjárfestingarfélagsins Gildingar hf. 2000–2002 og hefur frá þeim tíma rekið eigin fjárfestingar- og ráðgjafarfyrirtæki og sinnt m.a. ýmsum stjórnar- og nefndarstörfum. Heimir sat í skilanefnd Glitnis banka hf. frá árinu 2008 til ársloka 2011.

**Ingi Jóhann Guðmundsson,** fæddur 12. janúar 1969, til heimilis í Garðabæ. Ingi Jóhann hefur setið í stjórn Sjóvár frá 28. júlí 2011. Ingi Jóhann er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem framkvæmdastjóri Gjögurs hf. Hann situr í stjórn Síldarvinnslunnar hf. og Iceland Seafood International ehf.

**Kristín Haraldsdóttir,** fædd 26. mars 1970, til heimilis í Reykjavík. Kristín var kjörin í stjórn Sjóvár 21. ágúst 2012. Kristín lauk Cand.jur. frá Háskóla Íslands 1995 og LL.M.-gráðu í Evrópurétti frá Háskólanum í Lundi 1997. Hún starfaði sem fulltrúi á lögmannsstofu Svölu Thorlacius og Gylfa Thorlacius 1996. Hún var lögfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu 1997–2000, og í iðnaðar– og viðskiptaráðuneytinu 2000–2003. Hún var aðstoðarmaður dómara við EFTA dómstólinn í Luxembourg 2003–2008. Kristín starfar sem sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík og er forstöðumaður Auðlindaréttarstofnunar lagadeildar Háskólans í Reykjavík. Kristín sat í stjórn Fjármálaeftirlitsins frá 2009–2011.

## VARAMENN Í STJÓRN

**Axel Ísaksson,** fæddur 22. september 1964, til heimilis í Neskaupstað. Axel er fjármálastjóri Síldarvinnslunnar hf.

**Eiríkur S. Jóhannesson,** fæddur 8. febrúar 1968, til heimilis í Reykjavík. Eiríkur er framkvæmdastjóri hjá Glitni banka hf.

**Garðar Gíslason,** fæddur 19. janúar 1966, til heimilis í Garðabæ. Garðar starfar sem lögmaður á Lex ehf.

**Jón Diðrik Jónsson,** fæddur 11. apríl 1963, til heimilis í Garðabæ. Jón Diðrik er framkvæmdastjóri Draupnis fjárfestingafélags ehf.

**Þórhildur Ólöf Helgadóttir,** fædd 2. febrúar 1972, til heimilis í Reykjavík. Þórhildur Ólöf er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Securitas hf.

Stjórn Sjóvár fundaði 14 sinnum á árinu 2012. Mætingu stjórnarmanna var þannig háttað að einn stjórnarmaður forfallaðist einu sinni á árinu en ekki var kallaður til varamaður í hans stað. Fimm stjórnarmenn sátu alla fundina að fyrrgreindum fundi frátöldum þar sem stjórnarmenn voru fjórir.



## STJÓRN SJÓVÁ-ALMENNRA LÍFTRYGGINGA HF.

Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., dótturfélags Sjóvár, skipa Hermann Björnsson, stjórnarformaður, Elín Þórunn Eiríksdóttir og Valdemar Johnsen. Varamenn í stjórn eru Auður Daníelsdóttir og Sæmundur Sæmundsson. Stjórn Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. fundaði 7 sinnum á árinu.

## ENDURSKOÐUNARNEFND

Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru af stjórn félagsins. Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila, áhættugreiningu og virkni innra eftirlits. Hún skal tryggja gæði ársreikninga og annarra fjármálaupplýsinga félagsins og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd starfar eftir starfsreglum á grundvelli IX. kafla A. í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Endurskoðunarnefnd Sjóvár skipa Guðný Benediktsdóttir, formaður, Heimir V. Haraldsson og Tómas Kristjánsson.

Endurskoðunarnefnd fundar að lágmarki ársfjórðungslega og oftar ef þurfa þykir. Nefndin átti 9 fundi árið 2012 og voru allir fundir fullskipaðir nefndarmönnum. Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru yfirferð ársreiknings, umfjöllun um áhættustýringu og gerð áhættustefnu, yfirferð skýrslu frá ytri og innri endurskoðendum og viðbrögð stjórnenda tengdum athugasemdum þeirra. Endurskoðunarnefnd hafði umsjón með mati á nýjum ytri endurskoðendum og gerði tillögu til stjórnar í því sambandi, en samkvæmt

ákvæðum laga er félaginu skylt að skipta um ytri endurskoðendur á fimm ára fresti. Áhersla innri endurskoðenda á árinu var skoðun á eftirlitsumhverfi, iðgjaldaferli, tjónaferli og upplýsingaöryggi. Endurskoðunarnefnd Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. er skipuð sömu aðilum og endurskoðunarnefnd Sjóvár. Endurskoðunarnefnd fundaði einu sinni um málefni Sjóvá-Almennra líftrygginga hf. áður en fundir nefndarinnar voru sameinaðir fyrir bæði félögin.

## FJÁRFESTINGARÁÐ

Stjórn Sjóvár samþykkti 19. júní 2012 reglur um fjárfestingarstarfsemi félagsins þar sem skýrðar eru heimildir forstjóra til ákvarðana um fjárfestingar án fyrir fram ákveðins samþykkis stjórnar félagsins. Samkvæmt reglunum fer fjárfestingarnefnd sem skipuð er forstjóra, framkvæmdastjóra fjármálasviðs og forstöðumanni fjárfestinga sameiginlega með fjárfestingarumboð forstjóra. Sé fjárfestingarákvörðun yfir heimildum forstjóra skal leggja hana fyrir fjárfestingaráð. Fjárfestingaráð er skipað þremur stjórnarmönnum félagsins. Í fjárfestingaráði sitja Erna Gísladóttir, Tómas Kristjánsson og Ingi Jóhann Guðmundsson.

## FORSTJÓRI

Forstjóri Sjóvár er Hermann Björnsson, fæddur 15. febrúar 1963 til heimilis í Reykjavík.

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar sbr. 2 mgr.




68 gr. hlutafélagalaga. Hermann Björnsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990 og hóf þá störf hjá Íslandsbanka hf., fyrst í lögfræðideild og síðan sem forstöðumaður rekstrardeildar. Árið 1999 varð Hermann forstöðumaður útibúasviðs Íslandsbanka og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri þess. Hermann starfaði sem aðstoðarframkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings banka hf. frá 2006 og var framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Arion banka hf. frá árinu 2009. Hermann hefur á síðustu árum gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum, m.a. setið í stjórnum Fjölgreiðslumiðlunar ehf., Kreditkorta hf., Lífeyrissjóðs bankamanna og líftryggingafélagsins Okkar lífs hf. Hermann kom til starfa hjá Sjóvá í október 2011.

## FRAMKVÆMDASTJÓRN

Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð lykil-starfsmönnum þess og ber hver framkvæmdastjóri ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra.

**Ólafur Njáll Sigurðsson,** fæddur 22. maí 1958, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri fjármálasviðs og staðgengill forstjóra. Fjármálasvið ber ábyrgð á innheimtu og kostnaðarbókhaldi, uppgjörum og áætlun. Ólafur Njáll er jafnframt framkvæmdastjóri Sjóvá-Almennra líftrygginga hf., Sjóvá Forvarnahússins ehf. og Keira 1 ehf. Ólafur Njáll er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hóf störf hjá Sjóvá árið 2009. Hann var forstjóri Alþjóða líftryggingafélagsins hf. frá 1990 til 2004 þegar hann tók við fjármálastjórn hjá Latabæ ehf. Hann starfaði áður sem aðalbókari hjá Hf. Eimskipafélagi Íslands og fjármálastjóri Íslenska útvarpsfélagsins hf.

**Auður Daníelsdóttir,** fædd 18. júní 1969, til heimilis á Seltjarnarnesi, er framkvæmdastjóri tjónasviðs. Sviðið sér um uppgjör tjóna, bótaákvarðanir og tjónaskoðun. Undir tjónasvið falla einnig forvarnir Sjóvár. Auður er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands, lauk diplomanámi í starfsmannastjórnun frá Háskóla Íslands og AMP stjórnendanámi frá IESE í Barcelona. Hún hefur verið framkvæmdastjóri tjónasviðs Sjóvár frá 2007 en var áður starfsmannastjóri félagsins frá 2002. Auður starfaði áður sem starfsmannaráðgjafi hjá PriceWaterhouseCoopers ehf., sem fulltrúi í hagdeild Samskipa hf. og flugfreyja hjá Flugleiðum hf.



**Elín Þórunn Eiríksdóttir,** fædd 15. desember 1967, til heimilis í Hafnarfirði, er framkvæmdastjóri sölu- og ráðgjafarsviðs. Sviðið annast ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga til einstaklinga, fyrirtækja, sveitarfélaga og stofnana. Útibú og umboðsnet félagsins tilheyrir einnig sviðinu, sem og viðhald viðskiptavinastofns félagsins. Elín er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún starfaði um 5 ára skeið hjá Símanum hf., lengst af sem framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Áður starfaði hún um 9 ára skeið hjá Eimskipafélagi Íslands hf. lengst af sem forstöðumaður sölueininga. Hún hefur gegnt stjórnarformennsku í Radíómiðun ehf. og Staka Automation ehf. og situr sem meðstjórnandi í stjórn Símans hf. Elín kom til starfa hjá Sjóvá árið 2012.

**Sæmundur Sæmundsson,** fæddur 22. ágúst 1962, til heimilis í Reykjavík, er framkvæmdastjóri þjónustu- og rekstrarsviðs. Sviðið ber ábyrgð á rekstri og innri þjónustu, s.s. mannauðsmálum, gæða- og öryggismálum og upplýsingatækni. Sæmundur er tölvunarfræðingur að mennt frá University of Texas í Bandaríkjunum og hefur auk þess aflað sér víðtækrar viðbótarmenntunar, m.a. á sviði stjórnunar, verkefnastjórnunar, hugbúnaðarþróunar og fundarstjórnar. Sæmundur var forstjóri Teris um þrettán ára skeið. Hann hefur setið í fjölmörgum sérfræðinefndum á vegum fjármálafyrirtækja og var meðal annars stjórnarformaður Auðkennis ehf. Sæmundur kom til starfa hjá Sjóvá árið 2011.

**Valdemar Johnsen,** fæddur 5. desember 1968, til heimilis í Garðabæ, er framkvæmdastjóri vátryggingasviðs. Á verksviði vátryggingasviðs eru endurtryggingar, endurnýjanir, stofnstýring, vöruþróun, viðskiptareglur og lögfræðiráðgjöf við önnur svið félagsins. Valdemar er jafnframt aðallögfræðingur Sjóvár. Valdemar er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hóf störf hjá Sjóvá árið 2011. Hann var lögmaður hjá Lögmönnum Höfðabakka ehf. 1999–2002. Hann gegndi síðan um níu ára skeið starfi framkvæmdastjóra vátryggingasviðs og viðskiptaþróunar hjá Íslandstryggingu hf., síðar Verði tryggingum hf.

## FYRIRKOMULAG SAMSKIPTA HLUTHAFA OG STJÓRNAR

Hluthafar voru fjórir í upphafi ársins 2012 en þrír í lok árs. SF1 slhf. jók hlutdeild sína með kaupum á hlut Eignasafns Seðlabanka Íslands ehf. og á því 73,03% hlut. SAT Eignarhaldsfélag hf. á 17,67% hlut og Íslandsbanki hf. á 9,30% hlut. Félagið er ekki skráð á skipulegan verðbréfamarkað en hægt er að leita til stjórnarformanns eða starfsmanna félagsins um viðeigandi upplýsingar. Allir hluthafar eru hvattir til að mæta á aðalfund þar sem gefnar eru ítarlegar upplýsingar um starfsemi félagsins.

## UPPLÝSINGAR UM BROT Á LÖGUM OG REGLUM SEM VIÐEIGANDI EFTIRLITS- OG EÐA ÚRSKURÐARAÐILI HEFUR ÁKVARÐAÐ

Félagið hefur enga dóma hlotið fyrir refsiverðan verknað skv. almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um vátryggingafélög eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með vátryggingastarfsemi.




## NIÐURLAG

Stjórnarháttayfirlýsing þessi hefur verið sett saman af stjórn Sjóvár eftir bestu vitund. Henni er ætlað að veita greinargóðar upplýsingar um stjórnarhætti félagsins til viðskiptavina, hluthafa, eftirlitsaðila og annarra hlutaðeigandi.

Staðfest af stjórn Sjóvá-Almennra tryggingar hf.
13. mars 2013.

# SKIPURIT SJÓVÁR








## Frábær úrlausn

„Ég vil þakka starfsfólki Sjóvár fyrir frábærar móttökur og úrlausn mála þegar ég varð fyrir því að gjöreyðileggja bílinn minn í hálkuslysi. Það er alveg ljóst að Sjóvá er með mjög hæft og vel þjálfað starfsfólk, sem er reiðubúið að aðstoða viðskiptavininn af kostgæfni og alúð.“

Ánægður viðskiptavinur um tjónaþjónustu

## Veitið útibúinu verðlaun!

„Já, veitið útibúinu ykkar á Akureyri sérstök verðlaun fyrir frábæra þjónustu við viðskiptavini sína. Ég hef almennt jafnmikla trú á tryggingafélögum og bönkum, en ég verð að segja að vera útibús Sjóvár á Akureyri, viðmót starfsmanna þess og liðlegheit fær mig sannarlega til að finna fyrir þakklæti.“

Ánægður viðskiptavinur útibús

## Þakka fyrir góða þjónustu

„Ég var reyndar búin að hringja og þakka fyrir góða þjónustu en góð vísa er aldrei of oft kveðin. Aðfaranótt laugardagsins síðasta skrapp sonardóttir mín fyrir mig í Hagkaup í Skeifunni á mínum bíl. Til að gera langa sögu stutta þá var bíllinn rafmagnslaus þegar hún kom út. Hún ætlaði að fá vin sinn til þess að gefa sér straum en á Toyota Rav er erfitt að komast að geyminum svo hún hringdi í öngum sínum. Ég hringdi í Vegaaðstoð Sjóvár og voru þeir mættir á innan við 20 mínútum og komu rafmagni á bílinn. Ég vil bara þakka fyrir góða þjónustu því maður er nógu fljótur að kvarta ef maður fær ekki þjónustu sem maður ætlast til. Enn og aftur kærar þakkir fyrir gott viðmót þess sem svaraði beiðninni og þess sem framkvæmdi verkið.“

Ánægður notandi Vegaaðstoðar

# „Ég vil þakka starfsfólki Sjóvár frábærar móttökur og úrlausn mála“

Í janúar 2012 gerði Sjóvá könnun á dekkjabúnaði 57 ökutækja sem voru skemmd eða óökufær eftir umferðaróhapp. Niðurstaða könnunarinnar var að bílar á lélegum dekkjum eru helmingi líklegri til að lenda í tjóni. 24% bílanna reyndust vera á slitnum dekkjum eða sumardekkjum. 32% voru á nagladekkjum en í mörgum tilvikum voru þau léleg og sum naglalaus. Þau veittu því ökumanni falskt öryggi.

Í framhaldi af könnuninni var leitað að samstarfsaðila sem var tilbúinn til að bjóða viðskiptavinum í Stofni tilboð á vönduðum vetrardekkjum. Markmið verkefnisins var að auka öryggi viðskiptavina okkar í umferðinni og vekja athygli á því hversu mikilvægt er að huga að ástandi dekkjanna. Viðskiptavinir tóku tilboðinu fagnandi og voru viðbrögðin vonum framar. Hundruð viðskiptavina hafa nýtt sér tilboðið og eru nú öruggari í umferðinni en áður.

# LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI

| í millj. kr. | **2012** | **2011** | **2010** |
|---|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 13.313 | 12.549 | 12.495 |
| | | | |
| Iðgjöld ársins | 12.734 | 12.100 | 12.049 |
| Tjón ársins | (8.179) | (8.163) | (8.578) |
| Rekstrarkostnaður | (3.354) | (3.123) | (3.000) |
| Til endurtryggjenda | (772) | (804) | (298) |
| | | | |
| Fjárfestingatekjur | 2.530 | 2.909 | 1.265 |
| Aðrar tekjur | 48 | 44 | 10 |
| Skattar | (495) | (242) | (196) |
| **Hagnaður ársins eftir skatta:** | **2.057** | **642** | **811** |
| | | | |
| Eigið fé | 14.991 | 12.934 | 12.292 |
| Vátryggingaskuld | 21.599 | 21.378 | 20.559 |
| Tjónaskuld | 16.622 | 16.575 | 15.808 |
| Iðgjaldaskuld | 4.565 | 4.396 | 4.343 |
| Ágóðahlutdeild | 412 | 407 | 407 |
| Aðrar skuldir | 3.695 | 3.301 | 3.701 |
| **Eigið fé og skuldir samtals:** | **40.285** | **37.613** | **36.552** |
| | | | |
| | **2012** | **2011** | **2010** |
| Tjónahlutfall | 64,2% | 67,5% | 71,2% |
| Kostnaðarhlutfall | 24,2% | 22,5% | 21,9% |
| Endurtryggingahlutfall | 6,0% | 6,6% | 2,5% |
| **Samsett hlutfall:** | **94,5%** | **96,6%** | **95,6%** |
| | | | |
| Eigin vátryggingaskuld/Eigin iðgjöld | 179,1% | 183,1% | 177,9% |
| Eignfjárhlutfall | 37,2% | 34,4% | 33,6% |
| Ávöxtun eigin fjár | 15,9% | 5,2% | 8,2% |
| | | | |
| Eigð fé | 14.991 | 12.934 | 12.292 |
| Gjaldþol | 10.048 | 7.540 | 4.900 |
| Lágmarksgjaldþol | 2.102 | 2.114 | 2.114 |
| Gjaldþolshlutfall | 4,78 | 3,57 | 2,32 |
| Aðlagað gjaldþol | 3,62 | 2,73 | 1,83 |



# SJÓVÁ-ALMENNAR TRYGGINGAR HF. ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR ÁRIÐ 2012

## EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra . . . . . 42
Áritun óháðra endurskoðenda . . . . . 43
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2012 . . . . . 44
Efnahagsreikningur 31. desember 2012 . . . . . 45
Eiginfjáryfirlit árið 2012 . . . . . 46
Sjóðstreymisyfirlit ársins 2012 . . . . . 47
Skýringar . . . . . 48
Consolidated Statement of Comprehensive Income . . . . . 78
Consolidated Statement of Financial Position . . . . . 79
Segment Reporting . . . . . 80



# SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

**Rekstur ársins 2012**
Samstæðureikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. (félagsins) fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingum. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, Sjóvá-Almennar líftryggingar hf., Keira 1 ehf. og Sjóvá Forvarnahúsið ehf., sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 2.057 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar í árslok 2012 nam 14.991 millj. kr. Eiginfjárhlutfall samstæðunnar var 37,2% í árslok, gjaldþolshlutfall móðurfélagsins var 4,78 og hækkaði úr 3,57 frá árslokum 2011. Aðlagað gjaldþolshlutfall samstæðunnar í árslok 2012 var 3,62. Þann 31. desember 2012 námu heildareignir samstæðunnar 40.285 millj. kr.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2013, en að öðru leyti er vísað í eiginfjáryfirlit um ráðstöfun hagnaðar ársins.

**Hluthafar**
Hluthafar Sjóvá-Almennra trygginga hf. í árslok 2012 voru þrír, SF1 slhf. með 73,03% hlut, SAT Eignarhaldsfélag hf. með 17,67% hlut og Íslandsbanki hf. með 9,30% hlut. Hluthafar í ársbyrjun voru fjórir, en á árinu seldi Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. eignarhlut sinn til SF1 slhf.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**
Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningur Sjóvá-Almennra trygginga hf. gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2012 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. desember 2012. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar í árslok og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við. Frekari upplýsingar sem tengjast áhættustýringu má finna í skýringum 25 - 32 í ársreikningnum.

Stjórn og forstjóri Sjóvá-Almennra trygginga hf. hafa í dag farið yfir samstæðureikning félagsins fyrir árið 2012 og staðfesta hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 1. mars 2013.

Stjórn:



Forstjóri:



# ÁRITUN ÓHÁÐRA ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa Sjóvá-Almennra trygginga hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Sjóvá-Almennra trygginga hf. fyrir árið 2012. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

***Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum***
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

***Ábyrgð endurskoðenda***
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

***Álit***
Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2012, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

**Staðfesting vegna skýrslu stjórnar**
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 1. mars 2013.

***KPMG ehf.***



# REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU ÁRSINS 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld ársins | | 12.733.958 | 12.100.365 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | | ( 1.193.042) | ( 1.047.184) |
| **Eigin iðgjöld** | 6 | 11.540.916 | 11.053.181 |
| Fjármunatekjur | | 437.956 | 381.719 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna | | 2.091.705 | 2.526.820 |
| **Fjárfestingatekjur** | 7 | 2.529.661 | 2.908.539 |
| Umboðslaun | | 147.480 | 129.668 |
| Aðrar tekjur | | 48.113 | 44.429 |
| **Aðrar tekjur** | 3k | 195.593 | 174.097 |
| **Heildartekjur** | | 14.266.170 | 14.135.817 |
| Tjónakostnaður | | ( 8.178.662) | ( 8.162.767) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | | 273.698 | 113.473 |
| **Eigin tjón** | 8 | ( 7.904.964) | ( 8.049.294) |
| Rekstrarkostnaður | 9 | ( 3.353.830) | ( 3.122.892) |
| Vaxtagjöld | | ( 1.158) | ( 9.861) |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna | 13,14 | ( 454.201) | ( 2.069.566) |
| **Heildargjöld** | | ( 3.809.189) | ( 5.202.319) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | 2.552.017 | 884.204 |
| Tekjuskattur | 11 | ( 494.803) | ( 242.179) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður ársins** | | 2.057.214 | 642.025 |
| **Skipting hagnaðar** | | | |
| Hluthafar móðurfélagsins | | 2.057.214 | 642.025 |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut | | 1,29 | 0,40 |

Skýringar á blaðsíðum 48 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Rekstrarfjármunir | 12 | 669.451 | 456.018 |
| Viðskiptavild | 13 | 243.578 | 243.578 |
| Óefnislegar eignir | 14 | 4.714.581 | 5.168.781 |
| Skatteign | 23 | 217.116 | 699.850 |
| Verðbréf | 15-16 | 26.678.771 | 25.984.472 |
| Endurtryggingaeignir | 17 | 1.035.450 | 1.138.507 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 18 | 2.945.472 | 2.369.480 |
| Handbært fé | | 3.780.278 | 1.551.713 |
| **Eignir samtals** | | 40.284.697 | 37.612.399 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | 19 | 1.592.522 | 1.592.522 |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 19 | 9.888.570 | 9.888.570 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.510.238 | 1.453.024 |
| **Eigið fé samtals** | | 14.991.330 | 12.934.116 |
| **Skuldir** | | | |
| Vátryggingaskuld | 22 | 21.598.745 | 21.377.544 |
| Líftryggingaskuld með fjárfestingaáhættu líftryggingataka | 16 | 2.569.309 | 2.164.025 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 24 | 1.125.313 | 1.136.714 |
| **Skuldir samtals** | | 25.293.367 | 24.678.283 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 40.284.697 | 37.612.399 |

Skýringar á blaðsíðum 48 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

# EIGINFJÁRYFIRLIT ÁRIÐ 2012

| | | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur hlutafjár | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 19 | 1.592.522 | 9.888.570 | 810.999 | 12.292.091 |
| Heildarhagnaður ársins | | | | 642.025 | 642.025 |
| Eigið fé 31.12.2011 | | 1.592.522 | 9.888.570 | 1.453.024 | 12.934.116 |
| | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2012 | 19 | 1.592.522 | 9.888.570 | 1.453.024 | 12.934.116 |
| Heildarhagnaður ársins | | | | 2.057.214 | 2.057.214 |
| Eigið fé 31.12.2012 | | 1.592.522 | 9.888.570 | 3.510.238 | 14.991.330 |

Skýringar á blaðsíðum 48 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.



# SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRSINS 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| Hagnaður ársins | | 2.057.214 | 642.025 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | | |
| Fjármunatekjur í rekstri | | ( 437.956) | ( 381.719) |
| Fjármagnsgjöld í rekstri | | 1.158 | 9.861 |
| Gangvirðisbreyting fjáreigna | | ( 2.091.705) | ( 2.526.820) |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 12-14 | 65.347 | 49.894 |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna | 13 | 454.201 | 2.069.566 |
| Söluhagnaður rekstrarfjármuna | 12 | ( 4.827) | ( 685) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Verðbréf, breyting | | 1.827.046 | ( 1.737.765) |
| Skatteign, breyting | | 482.734 | 330.732 |
| Endurtryggingaeignir, breyting | | 103.057 | 57.289 |
| Viðskiptakröfur, breyting | | ( 575.992) | ( 13.327) |
| Vátryggingaskuld, breyting | | 221.201 | 580.239 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting | | ( 11.401) | ( 226.229) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | 2.090.078 | ( 1.146.941) |
| Innborgaðar fjármunatekjur | | 422.272 | 353.185 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | ( 9.830) | ( 17.796) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | 2.502.520 | ( 811.552) |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 12 | ( 286.375) | ( 182.734) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | 12 | 12.420 | 4.650 |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 14 | 0 | ( 67.770) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 273.955) | ( 245.854) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 2.228.565 | ( 1.057.406) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 1.551.713 | 2.609.119 |
| **Handbært fé í árslok** | | 3.780.278 | 1.551.713 |

Skýringar á blaðsíðum 48 til 77 eru óaðskiljanlegur hluti af ársreikningnum.

**1. Félagið**

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. („Félagið“) er íslenskt hlutafélag með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess í Kringlunni 5 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2012 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“. Aðalstarfsemi félagsins felst í vátryggingarekstri og fjárfestingum.

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

***a.* Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn Sjóvá-Almennra trygginga hf. staðfesti ársreikninginn þann 1. mars 2013.

***b.* Grundvöllur matsaðferða**

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf eru færð á gangvirði.

***c.* Rekstrarhæfi**

Stjórnendur hafa lagt mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og telja hana hafa styrk til áframhaldandi starfsemi. Samstæðureikningurinn hefur því verið gerður á grundvelli áframhaldandi starfsemi. Niðurstöður athugunar á greiðsluhæfi félagsins gefa til kynna að félagið hafi yfir að ráða nægu fjármagni til að styðja við áframhaldandi rekstur.

***d.* Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill**

Ársreikningurinn er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum nema annað sé tekið fram.

***e.* Mat og ákvarðanir**

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar fjárhæðir kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvæga matsóvissu þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum, er að finna í skýringu 3r.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir**

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum af öllum félögum í samstæðunni. Tilteknum samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt til samræmis við breytta framsetningu á árinu. Breyting samnburðarfjárhæða hefur ekki áhrif á afkomu samstæðunnar og eigið fé.

***a.* Grundvöllur samstæðu**

**(i) Dótturfélög**

Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar samstæðan hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðisréttar sem þegar er nýtanlegur. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt þegar nauðsynlegt hefur verið til að laga þær að aðferðum samstæðunnar.





**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

***a.* Grundvöllur samstæðu, frh.:**

**(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings**

Viðskipti milli samstæðufélaga, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð samstæðureikningsins. Óinnleyst tap er fært út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

***b.* Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi uppgjörsdags. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður í rekstrarreikning. Rekstrarkostnaður og sala í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags.

**c. Fjármálagerningar**

**(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður**

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, handbært fé, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar sem ekki eru afleiður færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

Fjármálagerningar eru færðir í ársreikning þegar samstæðan gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum viðkomandi fjármálagerninga. Fjáreignir eru felldar út úr ársreikningi ef samningsbundinn réttur samstæðunnar að sjóðstreymi vegna þeirra rennur út eða ef samstæðan yfirfærir fjáreignirnar til annars aðila án þess að halda eftir yfirráðum eða því sem næst allri þeirri áhættu og ávinningi sem í eignarhaldi á þeim felst. Bókhaldsskráning hefðbundinna kaupa og sölu á fjáreignum er gerð á viðskiptadegi, þ.e. á þeim degi sem félagið skuldbindur sig til að kaupa eða selja eignina. Kröfur eru færðar þann dag sem þær verða til. Fjárskuldir eru felldar út úr ársreikningi ef skuldbindingar samstæðunnar sem skilgreindar eru í samningi eru greiddar, falla úr gildi, er vísað frá eða þeim er aflétt.

**(ii) Verðbréf**

Verðbréf eru í efnahagsreikningi flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning hafi þau verið tilgreind þannig við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindar á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Þetta á einnig við um eignir sem skilgreindar eru á móti vátryggingaskuld. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

**(iii) Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru fjáreignir, aðallega vegna tryggingasamninga, sem hafa fyrirfram ákveðna gjalddaga og eru ekki skráðar á opinberum markaði.

**(iv) Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af óbundnum innstæðum hjá fjármálastofnunum og auðseljanlegum fjáreignum sem eru á gjalddaga innan þriggja mánaða frá kaupdegi, auðveldlega er hægt að umbreyta í reiðufé og hætta á verðbreytingum er óveruleg.

**(v) Afskrifað kostnaðarverð**

Afskrifað kostnaðarverð fjáreignar eða fjárskuldar er fjárhæðin sem fjáreignin eða fjárskuldin er metin á við upphaflega skráningu, að frádregnum afborgunum höfuðstóls og að viðbættum eða frádregnum uppsöfnuðum afföllum eða yfirverði sem fundið er með aðferð virkra vaxta á mismun upphaflegs verðs og uppgreiðsluverðmætis, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

***c. Fjármálagerningar, frh.:***

**(vi) Jöfnun**

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignir og greiða skuldir samtímis.

**(vii) Mat á gangvirði**

Gangvirði er sú fjárhæð sem unnt er að skipta eign á, eða gera upp skuld, í armslengdarviðskiptum milli upplýstra og viljugra aðila.

Samstæðan metur gangvirði fjármálagerninga samkvæmt markaðsverði á virkum markaði fyrir fjármálagerninginn, sé hann fyrir hendi. Markaður er talinn virkur ef reglulega er fyrir hendi skráð markaðsvirði sem endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti milli ótengdra aðila. Gangvirði fjáreignar sem tilgreind er á gangvirði gegnum rekstrarreikning er ákvarðað á grundvelli viðeigandi markaðsvirðis í lok viðskiptadags ef það er fyrir hendi, en það er venjulega síðasta skráða viðskiptaverðið.

Ef markaður fyrir fjármálagerning er ekki virkur metur samstæðan gangvirðið á grundvelli matsaðferða, þar á meðal geta verið nýleg viðskipti ótengdra aðila, tilvísun í gangvirði sambærilegra fjármálagerninga og núvirt sjóðsflæði. Sú matsaðferð sem notuð er hámarkar notkun markaðsupplýsinga en takmarkar eins og hægt er forsendur sem ekki byggjast á markaðsupplýsingum. Matið byggir einnig á öllum þeim þáttum sem markaðsaðilar taka tillit til við verðákvarðanir og er í samræmi við viðurkenndar verðmatsaðferðir fyrir fjármálagerninga. Breytur í matsaðferðum endurspegla á áreiðanlegan hátt væntingar á mörkuðum og mat á þeim áhættuþáttum sem fjármálagerningurinn felur í sér. Samstæðan notar óháða matssérfræðinga sem meta gangvirðið á grundvelli matslíkana, aðgengilegra markaðsupplýsinga og faglegs mats. Samstæðan yfirfer matsaðferðirnar og prófar gildi þeirra með notkun markaðsviðskipta sambærilegra gerninga eða byggir á öðrum aðgengilegum markaðsupplýsingum.

**(viii) Virðisrýrnun fjáreigna**

Fjáreignir sem ekki eru metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á hverjum reikningsskiladegi til að kanna hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu eignarinnar benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið. Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar.

Öll virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning sem sérstakur liður.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnunin var færð. Bakfærsla virðisrýrnunar fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun viðskiptavildar er þó ekki bakfærð.

**d. Rekstrarfjármunir**

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Innifalinn er kostnaður sem rekja má beint til kaupa á eigninni.

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er eignfærður þegar líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til samstæðunnar og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

Afskriftir eru reiknaðar af afskrifanlegri fjárhæð, sem er kostnaðarverð að frádregnu niðurlagsverði. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ................................................ | 25 - 50 ár |
| Aðrir rekstrarfjármunir ................................................ | 3 - 7 ár |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.



SKÝRINGAR, FRAMHALD

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**e. Óefnislegar eignir**

**(i) Viðskiptavild**

Viðskiptavild er aðeins færð til eignar ef hún hefur myndast við kaup á dótturfélögum eða yfirtöku á starfsemi. Eignfærsla hennar miðast við yfirtökudag og heildargangvirði yfirfærðs endurgjalds, bókfært virði minnihluta í yfirtekna félaginu og gangvirði fyrri hlutdeildar í yfirtekna félaginu að frádregnu gangvirði yfirtekinna eigna og skulda miðað við yfirtökudag. Endurgjald samanstendur af gangvirði yfirfærðra eigna og skulda og eiginfjárgerningum sem gefnir eru út af samstæðunni. Endurgjaldið felur einnig í sér gangvirði hugsanlegs viðbótarendurgjalds.

Eftir upphaflega skráningu er viðskiptavild metin á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun. Virðisrýrnunarpróf er framkvæmt árlega eða oftar ef atburðir eða breytingar gefa til kynna virðisrýrnun á bókfærðu verði viðskiptavildar. Viðskiptavildinni er ráðstafað á yfirtökudegi til allra sjóðskapandi eininga samstæðunnar sem ætlað er að njóti samlegðar af sameiningunni óháð því hvort öðrum eignum eða skuldum hefur verið ráðstafað til þessara eininga. Hver eining sem viðskiptavild er ráðstafað til endurspeglar minnstu einingu innan samstæðunnar þar sem fylgst er með viðskiptavildinni sem hluta af innri stjórnun.

**(ii) Hugbúnaður og viðskiptasambönd**

Hugbúnaður er eignfærður á kostnaðarverði búnaðarins ásamt kostnaði við að koma honum í notkun. Hugbúnaður er afskrifaður miðað við áætlaðan nýtingartíma hans, sem eru 10 ár, undir liðnum rekstrarkostnaður.

Viðhaldskostnaður vegna hugbúnaðar er færður undir liðinn rekstrarkostnað þegar hann fellur til.

Hugbúnaður og viðskiptasambönd sem urðu til við yfirtöku á rekstri, eru afskrifuð á áætluðum nýtingartíma eignarinnar. Hugbúnaður er afskrifaður á 7 - 10 árum og viðskiptasambönd á 15 árum.

**(iii) Virðisrýrnun eigna sem ekki teljast fjáreignir**

Eignir sem hafa ótilgreindan nýtingartíma eru ekki afskrifaðar en fara árlega í virðisrýrnunarpróf. Hvenær sem atburðir eða breyttar aðstæður valda því að vísbendingar eru um að bókfært verð sé ekki enduheimtanlegt fara þær í gegnum mat á virðisrýrnun. Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Endurheimtanleg fjárhæð eignar eða fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Til þess að meta virðisrýrnun er eignum skipt niður í minnstu aðgreinanlegu hópa eigna sem mynda aðgreinanlegt sjóðstreymi. Eignir sem ekki teljast fjáreignir, aðrar en viðskiptavild, eru metnar á hverjum uppgjörsdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnun hafi minnkað eða horfið.

**f. Vátryggingasamningar**

Félagið gefur út samninga sem flytja vátryggingalega áhættu frá viðskiptavinum til samstæðunnar.

**(i) Skilgreining tryggingasamninga**

Með vátryggingasamningi tekur vátryggjandinn að sér vátryggingaáhættu frá vátryggingataka með því að samþykkja að bæta tjón vegna ákveðins óviss atburðar í framtíðinni.

Vátryggingaáhætta er öll áhætta, önnur en fjárhagsleg áhætta, sem flutt er frá vátryggingataka til útgefanda vátryggingasamnings, svo sem vegna eignatjóns, slyss, sjúkdóms eða andláts.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**f. Vátryggingasamningar frh.:**

**(ii) Vátryggingasamningar - flokkun**

Tryggingasamningar samstæðunnar greinast í tvo flokka eftir því hversu lengi vátryggingaáhættan varir og hvort samningarnir eru fastir eða breytilegir.

*Skaðatryggingar*

Tryggingasamningar í þessum flokkir eru ábyrgðatryggingar, slysatryggingar og eignatryggingar.

Ábyrgða- og slysatryggingasamningar bæta tjón sem hinn vátryggði veldur þriðja aðila vegna afleiðinga lögmætra aðgerða hans og bætir einnig hinum vátryggða það tjón sem hann verður fyrir í samræmi við skilmála tryggingasamningsins.

Eignatryggingar greiða aðallega bætur til viðskiptavina samstæðunnar vegna tjóns eða taps á eignum. Viðskiptavinir með rekstrarstöðvunartryggingu geta einnig fengið bætur vegna tekjutaps ef tjón eigna veldur því að eignirnar nýtast ekki í rekstri.

*Líftryggingar*

Þessir vátryggingasamningar taka til andláts eða ákveðinna sjúkdóma.

Iðgjöld eru færð til tekna línulega á vátryggingatímabili og bótagreiðslur er færðar til gjalda á því tímabili sem hinn tryggði atburður á sér stað.

**(iii) Fjárfestingar þar sem fjárfestingaráhætta er borin af líftryggingataka**

Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingataka eru fjáreignir í eigu samstæðunnar sem vátryggingatakar í söfnunarlíftryggingum hafa valið og bera fjárfestingaráhættu af samkvæmt skilmálum söfnunarlíftrygginga. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu líftryggingataka er skuldbinding samstæðunnar gagnvart umræddum vátryggingatökum að sömu fjárhæð.

**(iv) Tjónaskuld**

Samstæðan metur á uppgjörsdegi hvort skráð tjónaskuld sé nægjanleg til þess að standa við áætlaðar skuldbindingar samstæðunnar með því að meta framtíðarfjárflæði tjónaskuldarinnar. Allar breytingar á tjónaskuldinni koma fram í rekstrarreikningi (sjá skýringu 8). Við gerð matsins er tekið tillit til áætlana vegna allra samningsbundinna sjóðshreyfinga vegna tjóna og tjónakostnaðar.

**(v) Endurtryggingasamningar**

Endurtryggingasamningar eru gerðir til að draga úr áhættu samstæðunnar. Endurtryggjendur bera ýmist ákveðið hlutfall af bótafjárhæðum eða alla áhættuna umfram umsamda fjárhæð.

Kröfur á endurtryggjendur vegna iðgjalda og tjóna eru færðar sem endurtryggingaeignir. Þar er um að ræða kröfur vegna hlutdeildar þeirra í tjónum samkvæmt endurtryggðum vátryggingasamningum og hlutdeild í iðgjaldaskuld. Skuldbindingar vegna endurtrygginga er hlutdeild endurtryggjenda í iðgjöldum vegna endurtryggingasamninga sem færð eru í rekstrarreikning við endurnýjun samninganna ( sjá skýringar 6 og 8).

**g. Hlunnindi starfsmanna**

Félagið greiðir framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði, þar sem greidd eru föst framlög til almennra lífeyrissjóða á grundvelli laga. Á samstæðunni hvílir ekki önnur greiðsluskylda eftir að þessi framlög hafa verið greidd. Framlögin eru færð til gjalda eftir því sem þau falla til.

**h. Eigið fé**

**(i) Hlutafé**

Þegar samstæðan kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði, fært til lækkunar á eigin fé. Þegar eigin hlutir eru seldir er eigið fé hækkað.

**(ii) Arðgreiðslur**

Arðgreiðslur til hluthafa eru færðar til lækkunar á eigin fé þegar þær eru samþykktar af hluthöfum á aðalfundi.





**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**i. Skuldbindingar**

Skuldbinding er færð þegar talið er að samstæðan beri lagalega eða ætlaða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líklegt er talið að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt. Skuldbindingar eru metnar miðað við vænt framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspegla mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir einstökum skuldbindingum.

**j. Tekjur og gjöld af vátryggingastarfsemi**

**(i) Iðgjöld**

Tekjufærð iðgjöld í rekstrarreikningi eru þau iðgjöld sem falla til á rekstrarárinu að viðbættum yfirfærðum iðgjöldum frá fyrra ári, en að frádregnum iðgjöldum næsta árs, sem færast sem iðgjaldaskuld. Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu á árinu sem tilheyrir næsta reikningsári.

**(ii) Umboðslaun**

Umboðslaun í rekstrarreikningi eru þóknun frá endurtryggjendum reiknuð sem hlutfall af endurtryggingar-iðgjöldum.

**(iii) Tjón**

Gjaldfærð tjón í rekstrarreikningi eru tjón ársins ásamt hækkun eða lækkun vegna tjóna fyrri ára. Tjónaskuld í efnahagsreikningi er heildarfjárhæð tilkynntra óuppgerðra tjóna, auk tryggingafræðilegrar áætlunar fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum.

**k. Tekjur og gjöld af fjárfestingum**

**(i) Vaxtatekjur og vaxtagjöld**

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við virka vexti. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta nákvæmlega væntar framtíðargreiðslur á væntum líftíma fjáreigna eða fjárskulda og endurspegla virkir vextir bókfært verð fjáreigna og fjárskulda. Virkir vextir myndast við upphaflega skráningu fjáreigna og fjárskulda og eru ekki endurskoðaðir síðar á líftímanum.

Útreikningur virkra vaxta felur í sér allar þóknanir og álag eða frádrag, greitt eða móttekið, viðskiptakostnað og aföll eða yfirverð sem eru óaðskiljanlegur hluti af virkum vöxtum. Viðskiptakostnaður er kostnaður sem hægt er að rekja beint til yfirtöku, útgáfu eða afskráningar fjáreigna eða fjárskulda.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi innifela vexti af fjáreignum og fjárskuldum sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta og vexti af handbæru fé.

**(ii) Gangvirðisbreytingar fjáreigna**

Gangvirðisbreytingar fjárfestinga í verðbréfum samanstanda af breytingum á gangvirði, arðgreiðslum, vaxtatekjum og verðbótum.

**(iii) Gengismunur**

Gengismunur samanstendur af breytingum eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum. Nettó gengismunur er færður í rekstrarreikning með fjármunatekjum.

**(iv) Aðrar tekjur**

Aðrar tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af þóknun vegna forvarna og kennslu.

**l. Rekstrarkostnaður**

Rekstrarkostnaður samanstendur af launakostnaði, markaðskostnaði, tölvukostnaði, skrifstofu- og stjórnunar-kostnaði, kostnaði við rekstur húsnæðis, afskriftum rekstrarfjármuna og öðrum kostnaði.

**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**m. Tekjuskattur**

Tekjuskattur af afkomu ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á þá liði.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna tímabundinna mismuna vegna upphaflegrar skráningar eigna eða skulda sem hafa ekki áhrif á reikningshaldslega eða skattalega afkomu.

Frestaður tekjuskattur er metinn með því skatthlutfalli sem búist er við að verði lagt á tímabundna mismuni þegar þeir snúast við, byggt á lögum sem öðlast hafa gildi með formlegum hætti eða í reynd á uppgjörsdegi. Skatteign og tekjuskattskuldbindingu er jafnað saman þegar til staðar er lagalegur réttur til að jafna saman tekjuskattsskuld og skatteign og þegar skattarnir munu verða lagðir á af sömu skattyfirvöldum á sama fyrirtæki, eða á fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún nýtist ekki.

**n. Hagnaður á hlut**

Samstæðan birtir í ársreikningnum grunnhagnað á hlut og þynntan hagnað á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu, og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

**o. Starfsþáttayfirlit**

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar.

**q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleidd**

Samstæðan hefur innleitt alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, túlkanir og breytingar á samþykktum stöðlum sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi í árslok 2012 og eru viðeigandi fyrir samstæðuna. Nokkrir nýir staðlar, breytingar á stöðlum og túlkanir á þeim hafa ekki tekið gildi í árslok 2012 og hafa ekki verið notaðir við gerð þessa ársreiknings. Ekki er talið að þessar breytingar á stöðlunum og túlkunum á þeim muni hafa veruleg áhrif á ársreikning samstæðunnar þegar þær taka gildi.

**r. Lykilþættir í óvissu á mati**

**(i) Endanleg fjárhæð tjónabóta**

Mat á endanlegri fjárhæð væntra tjónabóta samstæðunnar vegna gerðra tryggingasamninga er mikilvægasta reikningshaldslega mat samstæðunnar. Við mat á skuldbindingunni þarf að taka tillit til margra þátta sem háðir eru óvissu og hafa áhrif á endanlegar tjónagreiðslur. Meðal þessara óvissuþátta eru áætlanir um tjónafjölda, fjárhæð meðaltjóns, veðurfarsbreytingar og verðbólga.





**3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:**

**r. Lykilþættir í óvissu á mati, frh.:**

**(ii) Ákvörðun á gangvirði fjármálagerninga**

Eins og fram hefur komið eru verðbréf samstæðunnar metin á gangvirði í efnahagsreikningi. Skráð gengi er til fyrir meirihluta þessara eigna. Aðferðin við mat á gangvirði óskráðra verðbréfa byggir á viðurkenndum aðferðum.

Mat á gangvirði er gert á ákveðnum tímapunkti, sem tekur mið af markaðsaðstæðum og upplýsingum um viðkomandi fjáreign. Um hlutlægt mat er að ræða sem er háð óvissum þáttum, svo sem vaxtaprósentum, flökti og mati á sjóðsflæði.

**(iii) Ákvörðun virðisrýrnunar fjáreigna**

Niðurfærsluþörf fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er metin. Mat stjórnenda á virðisrýrnun byggir á upplýsingum um vænt sjóðsflæði af viðkomandi eign. Við mat á væntu sjóðsflæði, meta stjórnendur fjárhagslega stöðu mótaðila og vænt virði undirliggjandi trygginga. Breytingar á forsendum geta haft áhrif á bókfært gangvirði fjármálagerninga.

## 4. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstrar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf til lykilstjórnenda samstæðunnar. Annars vegar horfa stjórnendur á skiptingu í megin starfsþætti en hins vegar er horft á skiptingu eftir flokkum tryggingagreina í skaðatryggingarekstri. Rekstrarafkoma starfsþáttar, eignir og skuldir taka til liða sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta milli starfsþátta á rökrænan hátt.

**Rekstrarstarfsþættir**

Eftirfarandi þættir eru megin starfsþættir í rekstri samstæðunnar:

* **Skaðatryggingar**
* **Líftryggingar**
* **Fjármálastarfsemi -** innifelur auk fjármálastarfseminnar rekstur dótturfélaganna Sjóvá - forvarnarhúsið ehf. og Keira1 ehf.

**Árið 2012**

| **Rekstrarstarfsþættir** | **Skaða-tryggingar** | **Líf-tryggingar** | **Fjármála-starfsemi** | **Samstæða** |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld ársins | 11.525.025 | 1.208.933 | | 12.733.958 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (957.818) | (235.224) | | (1.193.042) |
| Fjárfestingartekjur | 1.314.720 | 33.182 | 1.181.759 | 2.529.661 |
| Aðrar tekjur | 95.136 | 54.343 | 46.114 | 195.593 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 11.977.063 | 1.061.234 | 1.227.873 | 14.266.170 |
| | | | | |
| Tjónakostnaður | (7.708.867) | (469.795) | | (8.178.662) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | 105.309 | 168.389 | | 273.698 |
| Rekstrarkostnaður | (2.805.253) | (280.045) | (268.532) | (3.353.830) |
| Vaxtagjöld | (1.128) | (30) | | (1.158) |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna | (454.201) | 0 | | (454.201) |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | 1.112.923 | 479.753 | 959.341 | 2.552.017 |
| Tekjuskattur | | | | (494.803) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður ársins** | | | | 2.057.214 |
| | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 654.061 | | 15.390 | 669.451 |
| Viðskiptavild | 243.578 | | | 243.578 |
| Óefnislegar eignir | 4.699.876 | 14.705 | | 4.714.581 |
| Skatteign | 217.116 | | | 217.116 |
| Verðbréf | 23.173.412 | 3.505.359 | | 26.678.771 |
| Endurtryggingaeignir | 781.194 | 254.256 | | 1.035.450 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 2.751.687 | 189.279 | 4.506 | 2.945.472 |
| Handbært fé | 2.084.238 | 1.248.867 | 447.173 | 3.780.278 |
| **Eignir samtals** | 34.605.162 | 5.212.466 | 467.069 | 40.284.697 |
| | | | | |
| Vátryggingaskuld | 20.539.068 | 1.059.677 | | 21.598.745 |
| Aðrar skuldir | 818.703 | 2.827.435 | 48.484 | 3.694.622 |
| **Skuldir samtals** | 21.357.771 | 3.887.112 | 48.484 | 25.293.367 |
| | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 286.375 | 0 | 0 | 286.375 |





## 4. Starfsþáttayfirlit frh.

**Árið 2011**

| **Rekstrarstarfsþættir** | **Skaða-tryggingar** | **Líf-tryggingar** | **Fjármála-starfsemi** | **Samstæða** |
|---|---|---|---|---|
| Iðgjöld ársins | 10.895.485 | 1.204.880 | | 12.100.365 |
| Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum | (821.315) | (225.869) | | (1.047.184) |
| Fjárfestingartekjur | 1.462.259 | 52.760 | 1.393.520 | 2.908.539 |
| Aðrar tekjur | 74.155 | 55.513 | 44.429 | 174.097 |
| **Heildartekjur starfsþátta** | 11.610.583 | 1.087.285 | 1.437.949 | 14.135.817 |
| | | | | |
| Tjónakostnaður | (7.765.884) | (396.882) | | (8.162.767) |
| Hluti endurtryggjenda í tjónakostnaði | (5.211) | 118.684 | | 113.473 |
| Rekstrarkostnaður | (2.600.085) | (259.907) | (261.900) | (3.121.892) |
| Vaxtagjöld | (9.248) | (226) | (387) | (9.861) |
| Afskriftir og virðisrýrnun óefnislegra eigna | (2.066.809) | (3.757) | | (2.070.566) |
| **Rekstrarafkoma starfsþátta** | (836.654) | 545.197 | 1.175.662 | 884.204 |
| Tekjuskattur | | | | (242.179) |
| **Hagnaður og heildarhagnaður ársins** | | | | 642.025 |
| | | | | |
| Rekstrarfjármunir | 434.878 | | 21.140 | 456.018 |
| Viðskiptavild | 243.578 | | | 243.578 |
| Óefnislegar eignir | 5.150.320 | 18.461 | | 5.168.781 |
| Skatteign | 699.850 | | | 699.850 |
| Verðbréf | 22.474.050 | 3.510.422 | | 25.984.472 |
| Endurtryggingaeignir | 891.249 | 247.258 | | 1.138.507 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 2.199.045 | 167.370 | 3.065 | 2.369.480 |
| Handbært fé | 876.493 | 637.580 | 37.641 | 1.551.713 |
| **Eignir samtals** | 32.969.464 | 4.581.090 | 61.846 | 37.612.400 |
| | | | | |
| Vátryggingaskuld | 20.341.931 | 1.035.613 | | 21.377.544 |
| Aðrar skuldir | 1.104.271 | 2.188.267 | 8.201 | 3.300.739 |
| **Skuldir samtals** | 21.446.202 | 3.223.880 | 8.201 | 24.678.283 |
| | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum | 250.504 | | | 250.504 |

## 5. Tekjur og gjöld af skaðatryggingum

Skaðatryggingar félagsins greinast þannig:

**Árið 2012**

| | Eigna-tryggingar | Sjó, flug & farm-tryggingar | Lögbundnar ökutækja-tryggingar | Frjálsar ökutækja-tryggingar |
|---|---|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 3.243.375 | 522.874 | 4.313.048 | 1.988.924 |
| Eigin iðgjöld | 2.725.360 | 314.743 | 4.016.177 | 1.847.998 |
| Eigin tjón | (1.748.947) | (252.564) | (3.102.236) | (1.247.858) |
| Rekstrarkostnaður | (753.730) | (121.511) | (1.002.312) | (462.207) |
| Fjármunatekjur og aðrar tekjur | 201.100 | 28.055 | 692.798 | 31.524 |
| Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi | 423.783 | (31.277) | 604.427 | 169.457 |

| | Ábyrgða-tryggingar | Slysa & sjúkra-tryggingar | Endur-tryggingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 904.900 | 1.098.159 | 0 | 12.071.280 |
| Eigin iðgjöld | 644.995 | 1.017.934 | 0 | 10.567.207 |
| Eigin tjón | (341.295) | (1.022.409) | 111.751 | (7.603.557) |
| Rekstrarkostnaður | (210.290) | (255.202) | 0 | (2.805.253) |
| Fjármunatekjur og aðrar tekjur | 214.625 | 217.970 | 22.656 | 1.408.728 |
| Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi | 308.035 | (41.707) | 134.407 | 1.567.124 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | | | | (454.201) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | | | | 1.112.923 |

**Árið 2011**

| | Eigna-tryggingar | Sjó, flug & farm-tryggingar | Lögbundnar ökutækja-tryggingar | Frjálsar ökutækja-tryggingar |
|---|---|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 3.106.046 | 476.321 | 4.024.588 | 1.916.158 |
| Eigin iðgjöld | 2.615.745 | 353.321 | 3.769.453 | 1.830.876 |
| Eigin tjón | (1.527.540) | (114.475) | (3.294.060) | (1.272.105) |
| Rekstrarkostnaður | (711.541) | (109.117) | (921.963) | (438.958) |
| Fjármunatekjur og aðrar tekjur | 178.745 | 22.288 | 786.048 | 34.258 |
| Hagnaður af tryggingastarfsemi | 555.409 | 152.017 | 339.478 | 154.071 |

| | Ábyrgða-tryggingar | Slysa & sjúkra-tryggingar | Endur-tryggingar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 813.158 | 1.013.603 | (117) | 11.349.757 |
| Eigin iðgjöld | 549.269 | 955.623 | (117) | 10.074.170 |
| Eigin tjón | (582.938) | (951.100) | (28.877) | (7.771.095) |
| Rekstrarkostnaður | (186.280) | (232.199) | (27) | (2.600.085) |
| Fjármunatekjur og aðrar tekjur | 249.125 | 225.064 | 31.637 | 1.527.165 |
| Hagnaður (tap) af tryggingastarfsemi | 29.176 | (2.612) | 2.616 | 1.230.155 |
| Afskriftir óefnislegra eigna | | | | (2.066.809) |
| **Tap fyrir tekjuskatt** | | | | (836.654) |





## 6. Eigin iðgjöld

Eigin iðgjöld greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Bókfærð iðgjöld | 13.313.140 | 12.549.349 |
| Vildarafsláttur | (410.123) | (396.231) |
| Hluti endurtryggjenda | (1.180.574) | (1.110.467) |
| Breyting á iðgjaldaskuld | (169.059) | (52.753) |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuld | (12.468) | 63.283 |
| Eigin iðgjöld | 11.540.916 | 11.053.181 |

## 7. Fjárfestingatekjur:

Fjármunatekjur greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af innlánum | 69.955 | 24.315 |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 293.630 | 356.855 |
| Gengismunur | 74.371 | 550 |
| Fjármunatekjur samtals | 437.956 | 381.719 |

Gangvirðisbreytingar fjáreigna greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur verðbréfa | 449.653 | 662.084 |
| Verðbætur verðbréfa | 864.585 | 774.706 |
| Aðrar gangvirðisbreytingar | 777.467 | 1.090.030 |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna samtals | 2.091.705 | 2.526.820 |
| Fjárfestingatekjur samtals | 2.529.661 | 2.908.539 |

## 8. Eigin tjón

Eigin tjón greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Bókfært tjón | 8.131.426 | 7.395.988 |
| Hluti endurtryggjenda | (467.181) | (220.406) |
| Breyting á tjónaskuld | 47.237 | 766.779 |
| Breyting á hluta endurtryggjenda í tjónaskuld | 193.483 | 106.933 |
| Eigin tjón | 7.904.964 | 8.049.294 |

## 9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 1.884.802 | 1.709.092 |
| Sölukostnaður | 235.026 | 279.475 |
| Stjórnunarkostnaður | 983.625 | 877.482 |
| Rekstrarkostnaður fasteigna | 185.030 | 206.949 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 65.347 | 49.894 |
| Rekstrarkostnaður samtals | 3.353.830 | 3.122.892 |

## 10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun | 1.391.649 | 1.268.889 |
| Lífeyrisiðgjöld | 142.257 | 126.152 |
| Tryggingagjald | 124.063 | 127.786 |
| Fjársýsluskattur | 86.830 | 0 |
| Önnur launatengd gjöld | 20.481 | 39.605 |
| Annar starfsmannakostnaður | 119.522 | 146.660 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 1.884.802 | 1.709.092 |
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 201 | 206 |

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Tekjuskattur til greiðslu | 12.305 | 0 |
| Frestaður tekjuskattur | 482.498 | 242.179 |
| Tekjuskattur samtals | 494.803 | 242.179 |

Virkur tekjuskattur:

| | | 2012 | | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 2.552.017 | | 884.204 |
| Tekjuskattur samkvæmt | | | | |
| gildandi skatthlutfalli | 20,0% | ( 510.403) | 20,0% | ( 176.841) |
| Óskattskyldar tekjur | ( 0,7% ) | 16.678 | 0,0% | 0 |
| Áhrif arðgreiðslu frá dótturfélagi | 0,0% | 0 | 7,9% | ( 70.000) |
| Aðrir liðir | 0,0% | ( 1.078) | ( 0,5% ) | 4.662 |
| Virkur tekjuskattur | 19,3% | ( 494.803) | 27,4% | ( 242.179) |

## 12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Innréttingar, tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2011 | 143.807 | 228.510 | 372.317 |
| Viðbót á árinu | 126.520 | 56.134 | 182.654 |
| Selt á árinu | ( 2.558) | ( 1.407) | ( 3.965) |
| Heildarverð 31.12.2011 | 267.769 | 283.237 | 551.006 |
| Viðbót á árinu | 0 | 286.375 | 286.375 |
| Selt á árinu | 0 | ( 12.427) | ( 12.427) |
| Heildarverð 31.12.2012 | 267.769 | 557.185 | 824.954 |
| Afskrifað 1.1.2011 | 4.977 | 40.718 | 45.695 |
| Afskrift færð út | ( 85) | ( 516) | ( 601) |
| Afskrifað á árinu | 6.068 | 43.826 | 49.894 |
| Afskrifað samtals 31.12.2011 | 10.960 | 84.028 | 94.988 |
| Afskrift færð út | 0 | ( 4.832) | ( 4.832) |
| Afskrifað á árinu | 6.469 | 58.878 | 65.347 |
| Afskrifað samtals 31.12.2012 | 17.429 | 138.074 | 155.503 |
| Bókfært verð 1.1.2011 | 138.830 | 188.313 | 327.143 |
| Bókfært verð 31.12.2011 | 256.809 | 199.209 | 456.018 |
| Bókfært verð 31.12.2012 | 250.340 | 419.111 | 669.451 |
| Afskriftahlutföll | 2 - 4% | 15 - 33% | |

Fasteignamat fasteigna í árslok 2012 nam 194 millj. kr. Vátryggingarverðmæti fasteigna nam 449 millj. kr.





## 13. Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir með ótilgreindan nýtingartíma

**Virðisrýrnunarpróf fyrir fjárskapandi einingar sem fela í sér viðskiptavild:**

Viðskiptavild samstæðunnar að fjárhæð 244 millj. kr. er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Í árslok 2012 var framkvæmt árlegt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavildinni, sem miðast við afvaxtað framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða þess var sú að endurheimtanlegt virði er töluvert yfir bókfærðu verði. Í kjölfar virðisrýrnunarprófs í árslok 2011 var viðskiptavild tengd skaðatryggingarekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.624 millj. kr. gjaldfærð.

Endurheimtanlegt virði líftrygginga er reiknað á grundvelli nýtingarvirðis þeirra. Nýtingarvirði einingarinnar var ákvarðað með því að afvaxta áætlað framtíðarsjóðstreymi af áframhaldandi starfsemi hennar. Útreikningur á nýtingarvirðinu byggist á eftirfarandi lykilforsendum:

- Sjóðstreymi er áætlað á grundvelli rekstrarniðurstöðu og fimm ára rekstraráætlunar. Framtíðarvirði er byggt á 2,5% raunvexti, sem miðast við langtímasjónarmið samstæðunnar í tengslum við rekstur þessarar einingar, að teknu tilliti til óvissu í efnahagsumhverfi á Íslandi.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð.

## 14. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir þeirra greinast þannig:

| | Hugbúnaður | Viðskipta-sambönd | Samtals |
|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1. 2011 | 649.039 | 5.432.000 | 6.081.039 |
| Viðbót á árinu | 67.770 | 0 | 67.770 |
| Heildarverð 31.12.2011 | 716.809 | 5.432.000 | 6.148.809 |
| Heildarverð 31.12.2012 | 716.809 | 5.432.000 | 6.148.809 |
| Afskrifað alls 1.1.2011 | ( 81.794) | ( 452.667) | ( 534.461) |
| Afskrifað á árinu | ( 83.433) | ( 362.133) | ( 445.566) |
| Afskrifað alls 31.12.2011 | ( 165.227) | ( 814.800) | ( 980.027) |
| Afskrifað á árinu | ( 92.068) | ( 362.133) | ( 454.201) |
| Afskrifað alls 31.12.2012 | ( 257.295) | ( 1.176.933) | ( 1.434.228) |
| Bókfært verð 1.1. 2011 | 567.245 | 4.979.333 | 5.546.578 |
| Bókfært verð 31.12. 2011 | 551.582 | 4.617.200 | 5.168.782 |
| Bókfært verð 31.12. 2012 | 459.514 | 4.255.067 | 4.714.581 |
| Afskriftahlutföll | 10 - 15% | 7% | |

## 15. Fjáreignir

**a. Flokkun og gangvirði fjáreigna**

Samkvæmt IAS 39 *Fjármálagerningar: færsla og mat*, er fjáreignum og fjárskuldum skipt í sérstaka flokka. Flokkunin hefur áhrif á hvernig viðeigandi fjármálagerningur er metinn. Þeir flokkar sem fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar tilheyra og matsgrundvöllur þeirra er eftirfarandi:

- Fjáreignir tilgreindar á gangvirði eru færðar á gangvirði gegnum rekstrarreikning.
- Kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði.

Eftirfarandi tafla sýnir flokkun fjáreigna ásamt gangvirði þeirra:

**2012**

| | Fjáreignir á gangvirði | Lán og kröfur | Samtals | Gangvirði |
|---|---|---|---|---|
| Verðbréf | 26.678.771 | 0 | 26.678.771 | 26.678.771 |
| Endurtryggingaeignir | 0 | 1.035.450 | 1.035.450 | 1.035.450 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 0 | 2.945.472 | 2.945.472 | 2.945.472 |
| Handbært fé | 0 | 3.780.278 | 3.780.278 | 3.780.278 |
| Fjáreignir samtals | 26.678.771 | 7.761.200 | 34.439.971 | 34.439.971 |

**2011**

| | Fjáreignir á gangvirði | Lán og kröfur | Samtals | Gangvirði |
|---|---|---|---|---|
| Verðbréf | 25.984.472 | 0 | 25.984.472 | 25.984.472 |
| Endurtryggingaeignir | 0 | 1.138.507 | 1.138.507 | 1.138.507 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur | 0 | 2.369.480 | 2.369.480 | 2.369.480 |
| Handbært fé | 0 | 1.551.713 | 1.551.713 | 1.551.713 |
| Fjáreignir samtals | 25.984.472 | 5.059.700 | 31.044.172 | 31.044.172 |

**b. Stigkerfi gangvirðis**

Taflan hér á eftir sýnir fjáreignir færðar á gangvirði eftir verðmatsaðferð. Aðferðirnar eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Skráð verð á virkum markaði fyrir samskonar eignir.

Stig 2: Verðmatsaðferðir byggja á öðrum breytum en skráðu verði á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verði) eða óbeint (afleidd af verðum). Á þessu stigi eru eignir sem verðmetnar eru með því að nota verð á virkum markaði fyrir áþekkar eignir, skráð verð fyrir líkar eignir á mörkuðum sem eru taldir minna virkir, eða verðmatsaðferðir þar sem hægt er að fylgjast með í markaðsgögnum öllum mikilvægum breytum beint eða óbeint.

Stig 3: Forsendur verðmatsaðferða eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði, heldur meðal annars á upplýsingum um afkomu viðkomandi félags, kaup og sölu eignarhluta o.fl.

| | Stig 1 | Stig 2 | Stig 3 | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **2012** | | | | |
| Fjáreignir á gangvirði | 14.355.077 | 11.646.195 | 677.499 | 26.678.771 |
| **2011** | | | | |
| Fjáreignir á gangvirði | 5.437.944 | 19.652.154 | 894.374 | 25.984.472 |

Engar fjáreignir voru færðar á milli stiga árið 2012. Flokkun fjáreigna árið 2011 var leiðrétt og samanburðarfjárhæðum breytt til samræmis.





## 16. Verðbréf

Verðbréf á gangvirði greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| **Skuldabréf:** | | |
| Ríkistryggð verðbréf | 14.042.288 | 16.838.716 |
| Önnur skuldabréf | 3.019.146 | 1.397.252 |
| Skuldabréf samtals | 17.061.434 | 18.235.968 |
| **Hlutdeildarskírteini:** | | |
| Skuldabréfasjóðir með ríkisbréfum | 3.493.617 | 1.802.181 |
| Aðrir skuldabréfasjóðir | 2.708.373 | 3.575.031 |
| Hlutabréfasjóðir þar sem líftryggingatakar bera fjárfestingaráhættu | 2.569.309 | 2.164.025 |
| Hlutdeildarskírteini samtals | 8.771.299 | 7.541.237 |
| **Hlutabréf:** | | |
| Skráð | 724.872 | 18.282 |
| Óskráð | 120.716 | 170.880 |
| Hlutabréf samtals | 845.588 | 189.162 |
| **Önnur verðbréf:** | | |
| Önnur verðbréf | 450 | 18.105 |
| Verðbréf samtals | 26.678.771 | 25.984.472 |

## 17. Endurtryggingaeignir

Endurtryggingaeignir greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld: | | |
| Iðgjaldaskuld | 172.862 | 185.489 |
| Tjónaskuld | 756.062 | 949.494 |
| Hluti endurtryggjenda í vátryggingaskuld samtals | 928.925 | 1.134.983 |
| Krafa á endurtryggjendur | 106.525 | 3.524 |
| Endurtryggingaeignir samtals | 1.035.450 | 1.138.507 |

## 18. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Viðskiptakröfur tengdar vátryggingastarfsemi | 3.126.743 | 2.724.573 |
| Útlán tengd vátryggingastarfsemi | 85.048 | 65.661 |
| Afdreginn fjármagnstekjuskattur | 226.154 | 71.056 |
| Aðrar kröfur | 32.883 | 21.270 |
| Virðisrýrnun viðskiptakrafna | ( 525.356) | ( 513.080) |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals | 2.945.472 | 2.369.480 |

Virðisrýrnun greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Virðisrýrnun í upphafi árs | 513.080 | 689.490 |
| Gjaldfærsla ársins | 83.236 | 32.305 |
| Endanlega tapað á árinu | ( 70.960) | ( 208.715) |
| Virðisrýrnun í lok árs | 525.356 | 513.080 |

## 19. Eigið fé

Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 1.593 millj. kr. í árslok 2012. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirverðsreikningur hlutafjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutafjár sem félagið hefur selt. Samkvæmt lögum um hlutafélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutafjár í lögbundinn varasjóð, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Yfirverði umfram 25% af nafnverði hlutafjár getur félagið ráðstafað.

Óráðstafað eigið fé er uppsafnaður hagnaður eða tap vegna starfsemis félagsins að frádregnum arðgreiðslum og framlögum í lögbundinn varasjóð. Greiða má óráðstafað eigið fé til hluthafa sem arð. Hins vegar takmarka gjaldþolsákvæði þær hámarksfjárhæðir sem félagið getur greitt sem arð til hluthafa sinna.

## 20. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila í hagnað með meðaltalsfjölda hluta á árinu.

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Hagnaður | 2.057.214 | 642.025 |
| Meðalfjöldi hluta á árinu | 1.592.522 | 1.592.522 |
| Grunnhagnaður á hlut | 1,29 | 0,40 |

Þynntur hagnaður á hlut er sá sami og grunnhagnaður á hlut þar sem félagið hefur hvorki gert kaupréttarsamninga eða breytanlega lánasamninga.

## 21. Gjaldþol

Lágmarksgjaldþol félagsins sem er reiknað samkvæmt 32 gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 56/2010 nam í árslok 2012 2.102 millj. kr. (2011: 2.114 millj. kr.) og reiknað gjaldþol (sbr. 31 gr.) 10.048 millj. kr. (2011: 7.540 millj. kr.)

Mismunur á reiknuðu gjaldþoli og bókfærðu eigin fé greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi | 14.991.330 | 12.934.116 |
| Viðskiptavild | ( 243.578) | ( 243.578) |
| Óefnislegar eignir (móðurfélag) | ( 4.699.876) | ( 5.150.320) |
| Reiknað gjaldþol | 10.047.876 | 7.540.218 |

Aðlagað gjaldþol samstæðunnar (sbr. 31. gr. laga 56/2010) er 10.048 millj. kr. (2011: 7.540 millj. kr.) og lágmarksfjárhæð aðlagaðs gjaldþols (sbr. 86. gr.) er 2.774 millj. kr. (2011: 2.765 millj. kr.).

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldþolshlutfall móðurfélags | 4,78 | 3,57 |
| Aðlagað gjaldþolshlutfall samstæðunnar | 3,62 | 2,73 |





## 22. Vátryggingaskuld

Vátryggingaskuld greinist þannig:

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vátryggingaskuld (heild): | | |
| Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður | 13.530.101 | 13.568.729 |
| Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna | 3.091.880 | 3.006.016 |
| Tjónaskuld | 16.621.981 | 16.574.745 |
| Vildarafsláttur | 411.501 | 406.597 |
| Iðgjaldaskuld | 4.565.263 | 4.396.202 |
| Vátryggingaskuld samtals | 21.598.745 | 21.377.544 |
| | | |
| Hluti endurtryggjenda: | | |
| Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður | 658.184 | 851.118 |
| Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna | 97.879 | 98.376 |
| Tjónaskuld samtals | 756.063 | 949.494 |
| Iðgjaldaskuld | 172.862 | 185.489 |
| Hluti endurtryggjenda samtals | 928.925 | 1.134.983 |
| | | |
| Eigin vátryggingaskuld: | | |
| Tilkynnt tjón og áfallinn tjónakostnaður | 12.871.917 | 12.717.611 |
| Áætlun vegna orðinna en ótilkynntra tjóna | 2.994.001 | 2.907.640 |
| Tjónaskuld samtals | 15.865.918 | 15.625.251 |
| Vildarafsláttur | 411.501 | 406.597 |
| Iðgjaldaskuld | 4.392.401 | 4.210.713 |
| Eigin vátryggingaskuld samtals | 20.669.820 | 20.242.561 |

Áætlun vegna tilkynntra tjóna, tjónakostnaðar og kostnaðar vegna orðinna en ótilkynntra tjóna er skuldfærð að frádregnu væntanlegu hrakvirði tjónamuna. Heildarfjárhæð hrakvirðis í árslok 2012 og 2011 er óveruleg.

Tjónaskuld er mat á fjárhagslegri skuldbindingu sem hvílir á samstæðunni vegna ógreiddra tjóna í heild sinni, það er tilkynntra tjóna og orðinna en ótilkynntra tjóna í árslok.

Þróun vátryggingaskuldar greinist þannig:

| 2012 | Heild | Hlutdeild endur-tryggjenda | Í eigin hlut |
|---|---|---|---|
| Tjónaskuld: | | | |
| Tilkynnt tjón | 13.568.729 | ( 851.118) | 12.717.611 |
| Áætluð ótilkynnt tjón | 3.006.016 | ( 98.376) | 2.907.640 |
| Tjónaskuld í upphafi árs | 16.574.745 | ( 949.494) | 15.625.251 |
| | | | |
| Greidd tjón á árinu vegna eldri ára | ( 3.957.032) | 122.770 | ( 3.834.262) |
| Breyting tjónaskuldar vegna tjóna ársins | 5.091.660 | ( 300.850) | 4.790.810 |
| Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára | ( 1.087.393) | 371.511 | ( 715.881) |
| Tjónaskuld í árslok | 16.621.981 | ( 756.063) | 15.865.918 |
| | | | |
| Tilkynnt tjón | 13.530.101 | ( 658.184) | 12.871.917 |
| Áætluð ótilkynnt tjón | 3.091.880 | ( 97.879) | 2.994.001 |
| Tjónaskuld í árslok | 16.621.981 | ( 756.063) | 15.865.918 |
| | | | |
| Iðgjaldaskuld: | | | |
| Iðgjaldaskuld í upphafi árs | 4.396.202 | ( 185.489) | 4.210.713 |
| Breyting á árinu | 169.061 | 12.627 | 181.688 |
| Iðgjaldaskuld í árslok | 4.565.263 | ( 172.862) | 4.392.401 |

## 22. Vátryggingaskuld, frh.:

| 2011 | Heild | Hlutdeild endur-tryggjenda | Í eigin hlut |
|---|---|---|---|
| Tjónaskuld: | | | |
| Tilkynnt tjón | 13.005.798 | ( 970.287) | 12.035.511 |
| Áætluð ótilkynnt tjón | 2.802.168 | ( 86.141) | 2.716.027 |
| Tjónaskuld í upphafi árs | 15.807.966 | ( 1.056.428) | 14.751.538 |
| | | | |
| Greidd tjón á árinu | ( 3.873.842) | 133.588 | ( 3.740.254) |
| Breyting tjónaskuldar vegna tjóna ársins | 5.234.373 | ( 48.224) | 5.186.149 |
| Breyting tjónaskuldar vegna tjóna fyrri ára | ( 593.752) | 21.570 | ( 572.182) |
| Tjónaskuld í árslok | 16.574.745 | ( 949.494) | 15.625.251 |
| | | | |
| Tilkynnt tjón | 13.568.729 | ( 851.118) | 12.717.611 |
| Áætluð ótilkynnt tjón | 3.006.016 | ( 98.376) | 2.907.640 |
| Tjónaskuld í árslok | 16.574.745 | ( 949.494) | 15.625.251 |
| | | | |
| Iðgjaldaskuld: | | | |
| Iðgjaldaskuld í upphafi árs | 4.343.451 | ( 122.047) | 4.221.404 |
| Breyting á árinu | 52.751 | ( 63.442) | ( 10.691) |
| Iðgjaldaskuld í árslok | 4.396.202 | ( 185.489) | 4.210.713 |

### Skaðatryggingar

Samstæðan notar tölfræðiaðferðir við að áætla endanlegan kostnað vegna orðinna tjóna. Áhætta tengd skaðatryggingum og þá sérstaklega slysatryggingum er háð mörgum þáttum.

Tjónaskuld vegna tilkynntra tjóna er áætlun fyrir þeim tjónum sem tilkynnt hafa verið til félagsins að frádregnu því sem þegar hefur verið greitt vegna þessara tjóna. Starfsfólk tjónasviðs vinnur áætlun fyrir hvert tjón miðað við þá vitneskju sem fyrir hendi er um tjónsatvik þegar tjón er tilkynnt og eru breytingar gerðar þegar nýjar upplýsingar berast um einstök tjón. Reglulega fer fram endurmat á tjónsáætlunum. Ef ekki eru fyrirliggjandi betri upplýsingar er meðaltjónsfjárhæð í viðkomandi vátryggingagrein notuð.

Liðurinn „ótilkynnt tjón" er áætlun fyrir orðnum en ótilkynntum tjónum og viðbótarkostnaði vegna tjóna sem ekki eru að fullu komin fram. Í frumtryggingum byggist matið á tjónareynslu og framkomnum áður ótilkynntum tjónum á síðastliðnum 10 árum. Þessi áætlun er unnin ársfjórðungslega.

Í viðauka á bls. 77 má sjá þróun tjónaskuldar í skaðatryggingum hjá samstæðunni og forvera hennar á undanliðnum tíu árum og stöðu hennar í árslok 2012.

### Líftryggingar

Mat tilkynntra tjóna vegna líftrygginga er sjaldan háð mikilli óvissu. Gert er ráð fyrir að ótilkynnt tjón vegna almennra líftrygginga nemi u.þ.b. 20% af bókfærðum iðgjöldum á árinu. Þetta er gert í þeim tilgangi að mæta hugsanlegum töfum á tilkynningu um dauðsfall vátryggingataka til samstæðunnar. Hlutfallið er hærra fyrir sjúkra- og sjúkdómatryggingar, eða yfir 30%, vegna eðlis tjónatilfella. Langur tími getur liðið frá upphafi sjúkdóms þar til tilkynning berst til samstæðunnar. Á grundvelli sögulegrar reynslu má gera ráð fyrir að þetta hlutfall sé áætlað með fullnægjandi nákvæmni.

Iðgjaldaskuld í efnahagsreikningi er sá hluti iðgjalda vegna tekinnar vátryggingaáhættu sem tilheyrir næsta reikningsári, að teknu tilliti til niðurfellingar iðgjalda.





## 23. Skatteign

| Skatteign greinist þannig: | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Skatteign 1.1. | 699.850 | 1.030.582 |
| Tekjuskattur ársins | ( 494.803) | ( 242.179) |
| Tekjuskattur til greiðslu | 12.305 | 0 |
| Áhrif samsköttunar | ( 236) | ( 88.553) |
| Skatteign 31.12. | 217.116 | 699.850 |

Skatteign (tekjuskattsskuldbinding) greinist á eftirtalda liði:

| | | |
|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | ( 36.215) | ( 22.241) |
| Óefnislegar eignir | ( 396.804) | 84.531 |
| Viðskiptakröfur | 82.512 | 80.057 |
| Aðrir efnahagsliðir | ( 5.049) | 2.471 |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap | 572.672 | 555.032 |
| Skatteign í árslok | 217.116 | 699.850 |

